# FRÉTTABLAÐIÐ

131. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. JÚNÍ 2019




Veðrið lék við Skagamenn sem spókuðu sig á og í grennd við Langasand, þar sem nýir heitir pottar eru. Þeir eru vinsælir meðal heimamanna og ferðafólks. Tvö þúsund manns böðuðu sig þar í maí að sögn varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Akranesi er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Úttekt gerð á stjórnsýslu vegna WOW

Ríkisendurskoðun gerir úttekt á aðkomu Samgöngustofu og Isavia að rekstri WOW air. Samgönguráðuneytið segir eftirlitið í höndum Samgöngustofu sem kveðst ekki hafa gögn um skuld WOW við Isavia.

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ákvað í gær að óska eftir skýrslu frá ríkisendurskoðanda um aðkomu Samgöngustofu og Isavia ohf. að starfsemi og rekstri WOW air í aðdraganda og í kjölfar gjaldþrots félagsins.

Í beiðni nefndarinnar, sem er að frumkvæði Helgu Völu Helgadóttur þingmanns Samfylkingarinnar, er óskað úttektar á því hvernig Samgöngustofa uppfyllti hlutverk sitt og hvort Isavia hafi farið eftir eigin reglum í viðskiptum við WOW air.

„Það er nauðsynlegt að fram fari óháð fagleg úttekt á aðdraganda falls WOW air, ekki síst vegna þess hversu lengi stjórnvöld virðast hafa verið meðvituð um alvarlegan vanda félagsins,“ segir Helga Vala.

Fyrir fimm vikum bað Fréttablaðið Isavia, Samgöngustofu, samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið um afrit af öllum samskiptum varðandi greiðslu WOW air á gjöldum til Isavia.

„Samgöngustofa hefur ekki aðkomu að viðskiptum einstakra leyfishafa við aðra aðila og býr því ekki yfir umræddum upplýsingum eða gögnum,“ segir Samgöngustofa.

Samgönguráðuneytið segir að það hafi ekki eftirlit með skuldastöðu flugrekenda við einstaka kröfuhafa, þar með talið Isavia. Slíkt eftirlit sé í höndum Samgöngustofu.

„Þar af leiðandi eru ekki til nein gögn eða upplýsingar um skuldastöðu Wow við Isavia meðan félagið var í rekstri eða greiðslur félagsins til Isavia,“ segir í svari samgönguráðuneytisins sem tekur fram að það starfi sem æðra stjórnvald gagnvart undirstofnunum eins og Samgöngustofu. „Og kunna stjórnvaldsákvarðanir undirstofnana því að koma til skoðunar ráðuneytisins á grundvelli kæruheimildar.“

Fjármálaráðuneytið og Isavia hafa ekki enn svarað beiðni Fréttablaðsins. – **aá, gar**

## Gefur lítið fyrir verðkönnunina

**NEYTENDUR** „Bónus er langódýrast. Þessi karfa er bara handvalin af ASÍ til að fá þessa niðurstöðu,“ segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, við Fréttablaðið um nýja verðkönnun ASÍ.

Samkvæmt könnuninni er Krónan ódýrasta matvöruverslun landsins og Fjarðarkaup næstódýrust. Bónus situr svo í þriðja sæti.

„Þau segjast velja einhverja vöru af handahófi, en ef þú tekur vörurnar sem fást á báðum stöðum þá sérðu bara hvernig þetta er í raun,“ segir Guðmundur. – **ab** / sjá síðu 2



**Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Starfandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi segir löndin fylgja sömu gildum. 14

**SPORT** Frakkland og Bandaríkin eru sigurstranglegust á HM í knattspyrnu sem hefst í dag. 18

**LÍFIÐ** Ágætis byrjun með Sigur Rós verður spiluð á miðvikudaginn í Gamla bíói. 26

**TÍMAMÓT** Dalla Ólafsdóttir lýsir fjörinu í Ferðafélagi barnanna. 18




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● MIÐBORGIN OKKAR ● FÓLK**







## Veður




Norðan 5-10 m/s, en 10-15 með austurströndinni. Víða léttskýjað, en skýjað og þurrt að kalla um landið norðaustanvert. Hiti yfir daginn frá 4 stigum á Norðausturlandi, upp í 16 stig á Suðurlandi.

SJÁ SÍÐU 20

# Ákvörðunin kom á óvart

**STJÓRNMÁL** Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja það hafa komið sér á óvart að forseti Alþingis hafi stöðvað þingfund í fyrradag þegar umræðum um orkupakka þrjú var framhaldið. Þingmönnum stjórnarandstöðu hefði áður verið greint frá því af forseta þingsins að orkupakkinn yrði kláraður og kosið um hann. Þingmenn Viðreisnar, Pírata, Samfylkingar og Flokks fólksins hafi séð breytingu á dagskrá þingsins á netinu í gærmorgun. „Það hefur verið ákveðið að semja bara við Miðflokkinn sem er búinn að tefja þinglok í 140 klukkutíma. En það hefur ekki verið samið við okkur," segir Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar.

Stjórnarliðar kvarta á sama tíma yfir því að stjórnarandstaðan hafi tekið illa í að afgreiða önnur mál sem eftir standa á þinginu. „Meira að segja mál sem er fullkomin samstaða um og allir vilja að séu gerð að lögum," segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG. Ekki sé verið að reyna að afgreiða nein mál sem flokkana greini á um, heldur einungis komast nær því að klára það sem eftir stendur svo hægt sé að semja um þinglok.

Þingfundi var framhaldið í gær og 41 mál á dagskrá. Þingfundur í dag hefst klukkan 10. **– ósk**

> Það hefur verið ákveðið að semja bara við Miðflokkinn.



Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar

## Vel ber í veiði



Sjálfboðaliðar úr Stangaveiðifélagi Reykjavíkur mættu galvaskir inn að Elliðaám í gær til að hreinsa árnar og umhverfi þeirra af rusli sem safnast gjarnan að þessari perlu höfuðborgarinnar. Dágóður hópur tók þar til hendinni og hafði talsvert upp úr krafsinu. Laxveiðin hefst í ánum 20. júní. Þá mun valið á Reykvíkingi ársins verða kunngjört og viðkomandi boðið að renna fyrir lax fyrstur manna í Elliðaánum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Aukin óvissa í Fossvogsskóla

**SKÓLAMÁL** Óvíst er hvort hægt verði að byrja hefðbundið skólastarf í Fossvogsskóla í haust. Þetta kom fram á fundi með foreldrum skólabarna í gærkvöldi.

„Í ljós hefur komið að ástand þaks í Vesturlandi er mun verra en fyrstu athuganir leiddu ljós. Þaksperrur yfir miðrými Vesturlands eru skemmdar vegna raka og þarf að fjarlægja þær. Þetta þýðir að framkvæmdir í þessum hluta skólahúsnæðisins tefjast fram á haustið," sagði í tölvupósti sem skólastjóri sendi foreldrum. Þar sagði enn fremur að gangur framkvæmdanna muni liggja betur fyrir í byrjun ágúst og hefur verið boðað til foreldrafundar þá.

Ákvörðun var tekin um að loka skólanum í mars síðastliðnum eftir að skoðun og sýnataka leiddi í ljós raka- og loftgæðavandamál. Nemendur og starfsfólk höfðu þá kvartað undan einkennum vegna þessa. **– þea**

# Bónus telur vísvitandi klekkt á fyrirtækinu

**Krónan er ódýrust en Bónus í þriðja sæti samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. Framkvæmdastjóri Bónuss gefur ekki mikið fyrir könnunina og segir ASÍ handvelja vörur til þess að knýja fram fyrirfram ákveðnar niðurstöður.**



Krónan er ódýrust samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**NEYTENDUR** Krónan er ódýrasta matvöruverslunin á Íslandi samkvæmt nýjustu matarkörfu verðlagseftirlits ASÍ. Bónus er þriðja ódýrasta verslunin og er Fjarðarkaup næstódýrust, en aðeins nokkrum krónum munar á þeim og Bónus. Hefur Bónus iðulega mælst ódýrasta verslunin á síðustu þremur áratugum, en nokkrum sinnum hefur munað litlu.

„Okkar loforð er að koma vörum til viðskiptavina okkar á sem ódýrastan hátt. Við keppumst við það alla daga og það er mjög ánægjulegt þegar það skilar sér," segir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar. Ætlar Krónan að halda sér í toppsætinu. „Algjörlega. Ég get alveg fullyrt en það að við séum á markaðnum gerir það að verkum að matvöruverð á Íslandi er lægra en það væri annars."

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, er alls ekki sáttur við könnunina. „Bónus er langódýrast. Þessi karfa er bara handvalin af ASÍ til að fá þessa niðurstöðu," segir Guðmundur. „Þau segjast velja einhverja vöru af handahófi, en ef þú tekur vörurnar sem fást á báðum stöðum þá sérðu bara hvernig þetta er í raun og veru. Þetta er bara ákvörðun hjá þeim. Ég gef ekki mikið fyrir þessa verðkönnun."

> Þetta er bara ákvörðun hjá þeim. Ég gef ekki mikið fyrir þessa verðkönnun.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss



Gréta María kannast líka við gagnrýnina á matarkörfu ASÍ. „Það eru oft inni á milli vitleysur, oft eru þeir sem taka könnunina ekki að taka nákvæmlega sömu vöru. Við höfum alveg lent í því að vera sýnd dýrari en við erum. Verðmunurinn er mjög lítill á milli Krónunnar og Bónuss, við erum mjög ánægð með að vera í þeirri stöðu," segir Gréta María. „Við verðleggjum okkar vörur bara eftir okkar innkaupsverðum. Það sem við höfum líka fram yfir samkeppnisaðilann er að úrvalið okkar er betra. Þegar þú kemur til okkar þá færðu allt á einum stað."

Líkt og margir kannast við eru sjálfsafgreiðslukassar orðnir mjög áberandi í stærri verslunum. Gréta segir það ekki gert til hagræðingar. „Sjálfsafgreiðslan er bara gerð til þess að auka þjónustuna við viðskiptavini. Tími fólks er gríðarlega verðmætur og fólk vill frekar vera heima að elda en að bíða í röð."

Vert er að nefna að verslanir 10-11 eru langdýrastar samkvæmt könnuninni og nýgræðingurinn á lágvöruverðslistanum er hin nýja verslunarkeðja Super 1.

**arib@frettabladid.is**

kosangas

KOSAN SMELLUGAS
Einfalt, fljótlegt og öruggt



Vinur við veginn
olís










TILBOÐ
ÖLL FRÆ
20% AFSLÁTTUR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Fyrrverandi bæjarstjóri sakar eftirmann um að hnýsast í einkabréf

**SEYÐISFJÖRÐUR** Fyrrverandi bæjarstjóri Seyðisfjarðar sakaði núverandi bæjarstjóra um að hnýsast í einkabréf sín.

Kvörtun Vilhjálms Jónssonar, oddvita B-lista á Seyðisfirði, var tekin fyrir á síðasta bæjarráðsfundi. Hann sakar Aðalheiði Borgþórsdóttur bæjarstjóra um að hafa hnýst í einkabréf.

Fram kemur í bókun bæjarstjóra að bréfið hafi verið stílað á Seyðisfjarðarkaupstað en hafi átt að berast til Vilhjálms sem lét af störfum sem bæjarstjóri í október í fyrra. Enn berast bréf frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum til bæjarstjóra sem eru merkt Vilhjálmi. Mun starfsmaður kaupstaðarins ekki hafa áttað sig á að bréfið, sem var frá Skipulagsstofnun, hefði verið ætlað Vilhjálmi persónulega.

„Þetta var hreint og klárt óviljaverk. Um leið og það var ljóst að þetta átti ekki að opnast var bréfinu fargað og sendandinn beðinn um



Frá Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að leiðrétta sín mistök. Þetta er ekkert eins og hann er að gefa í skyn í kvörtun sinni, að bæjarstjóri hafi vísvitandi verið að hnýsast í hans einkapóst. Það er bara þvæla,“ segir Rúnar Gunnarsson, formaður bæjarráðs Seyðisfjarðar.

Mun starfsmaður Skipulagsstofnunar hafa talið Vilhjálm vera að vinna verk fyrir hönd kaupstaðarins. Hann sendi Vilhjálmi síðan leiðrétt bréf ásamt afriti til kaupstaðarins. Ekki náðist í Vilhjálm. **– ab**



Michael Pompeo með Guðlaugi Þór Þórðarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Sannfærður um bætt kjör neytenda

**UTANRÍKISMÁL** Fyrsta viðskiptasamráð Bandaríkjanna og Íslands verður stofnað í dag. Þetta segir í grein Jill Esposito, starfandi sendiherra Bandaríkjanna, í Fréttablaðinu í dag.

Tilkynnt var um samráðsvettvanginn er Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, heimsótti Ísland í febrúar og fundaði með Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra. Hann segir samkomulagið afar þýðingarmikið.

„Að því koma ekki aðeins embættismenn heldur líka fulltrúar atvinnulífsins og það tel ég mikilvægt. Ég er sannfærður um að skrefin sem þarna verða tekin varði veginn að betri kjörum bæði fyrir íslenska útflytjendur og íslenska neytendur,“ segir ráðherra um málið.

Guðlaugur bætir því við að Bandaríkin séu mikilvægasta viðskiptaland Íslands. Ávinningur af bættum viðskiptakjörum liggi í augum uppi.

Esposito segir í grein sinni að vettvangurinn skipti máli vegna þess að „[v]ið njótum þess öll að hafa aðgang að sterkum, stöðugum mörkuðum fyrir vörur okkar og þjónustu. Þetta á sérstaklega við um markaði sem byggjast á frjálsum, sanngjörnum og gagnkvæmum viðskiptum.“

Að auki nefnir hún sérstaklega að eitt markmiða samráðsins sé „að deila þekkingu og hugmyndum um efnahagslega valdeflingu kvenna“. **– þea**

# Telur formann skipulagsráðs brjóta lög vegna viðbyggingar

**Fulltrúi í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar segir formann og fulltrúa ráðsins brjóta lög til að ná sínu fram. Sagðir samþykkja viðbyggingu húss á óskiljanlegum forsendum. Formaðurinn vísar gagnrýninni á bug.**



Borist hafa kvartanir frá nágrönnum vegna óskar um að byggja við húsið að Mosabarði 15. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SKIPULAGSMÁL** „Þeir eru að brjóta lög, það er bara þannig,“ segir Jón Garðar Snædal Jónsson, fulltrúi Viðreisnar í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar.

Á fundi ráðsins í vikunni var tekið fyrir mál þar sem óskað hafði verið eftir stækkun einbýlishúss að Mosabarði 15. Jón Garðar lagði fram bókun á fundinum þar sem hann varaði við stækkun hússins.

Eigandi Mosabarðs 15 sækir um að stækka húsið um 32 fermetra en það er 25 prósent af stærð hússins. Samkvæmt deiliskipulagi er ekki heimilt að byggja viðbyggingar sem ná yfir stærra hlutfall en tíu prósent stærðar hússins sem byggt er við. Einnig þurfa slíkar breytingar að uppfylla önnur skilyrði, svo sem að falla inn á byggingarreit hússins.

Málið var sett í grenndarkynningu í bænum og var talað um stækkunina sem óverulega breytingu. Jón Garðar segir þó að um verulega breytingu sé að ræða.

„Þeir mega ekki fara með þetta í grenndarkynningu nema að um óverulega breytingu sé að ræða. Þetta er veruleg breyting, það er ekki spurning, því þetta fer fimmtán prósent yfir það sem leyfist í greinargerð deiliskipulagsins.“

> **Það er langt í næstu lóð, þetta er ekki hátt og veldur hvorki skuggavarpi né útsýnisskerðingu. Þannig að við samþykkjum.**
>
> Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulags- og byggingarráðs



Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulagsráðs og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn, segir embættismenn bæjarins samþykkja tillöguna að stækkun hússins og að allt hafi verið gert samkvæmt bókinni.

„Við metum það þannig að þetta sé óveruleg breyting. Hún hefur ekki áhrif á nágrannana, það er langt í næstu lóð, þetta er ekki hátt og veldur hvorki skuggavarpi né útsýnisskerðingu. Þannig að við samþykkjum,“ segir Ólafur.

Jón Garðar hefur aðra sögu að segja. „Það kemur fram í gögnum að þetta er ekki inni á byggingarreit, þetta er ekki innan deiliskipulags og það er þegar komin kvörtun um það að þetta sé að skerða lífsgæði nágranna,“ segir hann og bætir við að hans upplifun sé sú að ekki sé allt uppi á borðum sem tengist málinu.

„Það er eins og eitthvað hangi á spýtunni við að ná þessu máli í gegn. Eitthvað sem enginn veit, það er eitthvað bogið við þetta,“ segir Jón Garðar og bætir að formaður ráðsins og flokksmenn hans ætli að koma málinu í gegn með öllum ráðum.

Jón Garðar segist ekki hafa svar við því hvað Ólafi og félögum gangi til en hann geti þó getið sér þess til.

„Hvort menn séu að greiða í rétta kosningasjóði, séu frændi einhvers eða bróðir eða hvort búið sé að lofa greiðum. Maður veit ekki og ég get ekki fullyrt neitt um það, hef engar sannanir en þarna fara þeir allavega á þvers og kruss við lögin.“

Málið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs og hefur verið lagt fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Málið verður tekið fyrir á næsta bæjarstjórnarfundi þann 12. júní.
**birnadrofn@frettabladid.is**




# Nýtt póstnúmer – 102 Reykjavík

**REYKJAVÍK** Póstnúmerið 102 Reykjavík varð til í gær og staðfesting þess efnis var lögð fyrir borgarráð. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri greindi frá þessu á samfélagsmiðlum í gær.

„Margar borgir eiga miðborgir þar sem talað er um gamla bæinn og nýja bæinn og má segja að skiptingin milli 101 og 102 Reykjavík kallist á við þetta. Um er að ræða eitt mesta uppbyggingarsvæði landsins um þessar mundir með tvo háskóla, öfluga stúdentagarða, Hlíðarenda, Skerjafjörð og Nauthólsvík innanborðs,“ segir borgarstjórinn Dagur um málið.

„Það er því af sem áður var að mesta uppbygging íbúðarhúsnæðis í borginni sé í 101 – hún er í 102 Reykjavík. Stór hluti þess eru leiguíbúðir í viðráðanlegu verði í stúdentagörðum HÍ og HR,“ segir borgarstjórinn enn fremur um nýja póstnúmerið. **– ósk**

**Nýja póstnúmerið í Reykjavík**




Sumargleði
20% afsláttur af öllum vörum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242
Mathilda
Kringlunni
HANZ
KRINGLUNNI
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg
ENGLABÖRNIN
falleg föt á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI

KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS 北极光孔子学院

**Ráðstefna um kínverska og norræna menningu í tilefni Dags Konfúsíusarstofnunar föstudaginn 7. júní 2019**

**Fyrirlestrasalur í Veröld – húsi Vigdísar í HÍ**

**9:00-9:30** **Setning ráðstefnu**
Kvennakór Háskóla Íslands, stjórnandi: Margrét Bóasdóttir
**9:30-10:30** **Málstofa 1 - Leikverk**
***Liyang Xia*** – A Century of Ibsen in Chinese Theatre: Two Performances
***Baozhen Song*** – The Impact of Ibsen's Drama on Chinese Drama
**10:30-11:00** **Málstofa 2 - Menning og Belti og braut**
***Changling Zheng*** – Exchange and Cooperation in Terms of Culture and Art along Belt and Road: Responsibility and Prospect
**11:00-11:20** **Kaffihlé**
**11:20 -12:20** **Málstofa 3 – Saga**
***Geir Sigurðsson*** – Inward and Backward: Ideological Factors in Ming Qing China's Isolationism
***Yinyan Gong***– Chinese Knowledge about Iceland in the Early Days
**12:20-13:30** **Hádegishlé**
**13:30 -14:30** **Málstofa 4 - Bókmenntir og menning**
***Jinliang Qu*** – Mazu/"Tianhou（天后）", the Sea Goddess in Chinese Maritime Cultures and the Maritime Silk Roads
***Yucheng Jia*** – Independent People and Its Chinese Version
**14:30-14:40** **Kaffihlé**
**14:40 -16:10** **Málstofa 5 - Listir og menning**
***Alison Hardie*** – China, Scotland, Sweden – the garden connection
***David Cutright*** – New Music as a Cultural Conversation: how a world wide festival network disseminates culture through Sino-Nordic and Sino-American collaborations
***Huimin Qi*** – Openness vs. Isolation — A Comparative Study of Traditional Music Culture between Iceland and China

SMÍÐASTOFAN BEYKI ehf

**Viðskiptatækifæri**

Smíðastofan BEYKI er til sölu, að hluta eða öllu leyti. Fyrirtækið sérhæfir sig í sérsmíði fyrir heimili og fyrirtæki og hefur síðustu 40 ár starfað með helstu hönnuðum landsins að smíði innréttinga, hurða og húsgagna. Fyrirtækið er í eigin húsnæði og eru starfsmenn þess 12-15, að núverandi eigendum meðtöldum. Fyrirtækið er vel tækjum búið og er verkefnastaða mjög góð.

Nánari upplýsingar veitir Brynhildur Bergþórsdóttir í síma 414-1200 og brynhildur@kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

Haukur 05.19

Þú finnur draumastarfið á job.is

## 75 ár frá D-degi



Víða um heim minntist fólk þess að í gær voru 75 ár liðin frá því að Bandamenn réðust gegn Þjóðverjum með innrás í Normandí á svokölluðum D-degi. Vilhjálmur Bretaprins og hertogi af Cambridge ræddi við breska hermenn um atburðinn í gær. Meðal annars hinn 99 ára gamla Don Sheppard, þriðja frá vinstri. NORDICPHOTOS/AFP

# Níu mánuðir án svara

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurn þingmanns Sjálfstæðisflokksins um kaup RÚV á dagskrárefni. Samtök iðnaðarins hafa heldur engin svör fengið.**

**STJÓRNMÁL** Menntamálaráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurn Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um kaup RÚV á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í vor skapaðist uppnám við framleiðslu sjónvarpsþáttaraðarinnar Ráðherrans vegna deilu sjálfstæðra framleiðenda við RÚV sem vildi ekki gefa eftir tilkall til hagnaðar sem gæti orðið ef sýningarrétturinn yrði seldur til aðila á borð við Netflix.

RÚV breytti skilmálunum síðasta haust og er málið mjög viðkvæmt meðal framleiðenda sökum stærðar RÚV á markaðnum.

Óli Björn bað um svör frá menntamálaráðuneytinu um málið síðasta haust. „Það er ekki að ástæðulausu sem þessi fyrirspurn er sett fram," segir þingmaðurinn.

„Það eru gríðarlegir fjármunir sem fara um hendur Ríkisútvarpsins, meðal annars fjármunir sem eru skuldbundnir til að nota til að kaupa efni af sjálfstæðum framleiðendum," segir Óli Björn. Eðlilegt sé að upplýsa hvernig það sé gert.

„Á hvaða kjörum þeir samningar eru og hvort það sé rétt að Ríkisútvarpið sé að knýja fram samninga þar sem þeir njóta einhvers ávinnings af hugsanlegri sölu af þessu dagskrárefni, þá sérstaklega sjónvarpsefni, til erlendra aðila. Þá vaknar sú spurning hvernig þeim fjármunum sé síðan ráðstafað."

Samtök iðnaðarins hafa einnig reynt að fá svör frá RÚV.

Fram kemur í lögfræðiáliti sem gert var í vor fyrir Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Samtök iðnaðarins að RÚV eigi að veita styrki en ekki eignast hlut í verki til að geta hagnast á því.

Þessu er RÚV ekki sammála og sagði Birgir Sigfússon, framkvæmdastjóri miðla hjá RÚV, það vera rangt.

„Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið ohf. hefur RÚV ekki heimild til að veita slíka styrki. Framlag RÚV er því undir öllum kringumstæðum ýmist hrein kaup á sýningarrétti eða blanda af kaupum á sýningarrétti og frekara framlagi, bæði fjárhagslegu sem og öðru framlagi sem nýtist til framleiðslu viðkomandi verkefna," segir í svari Birgis.

> **Ég trúi ekki að þingið fari heim hér án þess að fyrirspurninni verði svarað.**
>
> Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Fulltrúar SI funduðu með Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, vegna málsins í mars síðastliðnum. Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins er unnið að málinu innan ráðuneytisins.

Samkvæmt lögum hefði svar ráðuneytisins við fyrirspurn Óla Björns átt að berast fimmtán virkum dögum síðar, nema ráðherra sendi bréf á forseta Alþingis með útskýringum. Fyrirspurnin var lögð fram í september í fyrra og eru því liðnir níu mánuðir. „Níu mánuðir er auðvitað vont og ekki til eftirbreytni. Ég trúi ekki að þingið fari heim hér án þess að fyrirspurninni verði svarað," segir Óli Björn.

**arib@frettabladid.is**

# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## SUPER1 MEÐ SVIPUÐ VERÐ OG BÓNUS OG KRÓNAN

*SKV. VERÐLAGSEFTIRLITI ASÍ SEM FRAMKVÆMT VAR 3. JÚNÍ 2019



**399kr.**
AVOCADO FORÞROSKUÐ 2 stk
Venjulegt verð 439 kr.




**499kr.**
DAÍM RJÓMAÍS 1,5l




**119kr.**
CARABO ORKUDRYKKUR
33ml allar tegundir




**1.299kr/kg**
ALI GRILL KÓTILETTUR
Venjulegt verð 1739 kr/kg



SUPER1
HALLVEIGARSTÍG 1




SUPER1
FAXAFENI 14




SUPER1
SMIÐJUVEGI 2

## OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

# Macron reyndi að höfða til Donalds Trump við minningarathöfn

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron, forseti Frakklands, ræddi um ágæti alþjóðasamstarfs í ræðu sinni við minningarathöfn í Colleville-sur-Mer í gær og reyndi þannig, samkvæmt The Guardian, að höfða til Donalds Trump Bandaríkjaforseta sem einnig var viðstaddur athöfnina.

Fjöldi fólks var saman kominn á staðnum til þess að minnast þess að 75 ár eru nú liðin frá innrás Bandamanna í Normandí í síðari heimsstyrjöldinni. Nærri 10.000 bandarískir hermenn sem fórust í innrásinni eru grafnir í Colleville-sur-Mer.

Trump hefur ítrekað beint spjótum sínum að bæði Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu (NATO). Hann hefur til dæmis átt í tolladeilum við ESB og kallað NATO úrelt.



**Trump og Macron hittust í Frakklandi.** NORDICPHOTOS/AFP

„Við munum aldrei hætta að berjast fyrir bandalagi frjálsra þjóða. Það gerðu sigurvegararnir [í stríðinu] er þeir stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar og NATO. Það er það sem leiðtogar Evrópu gerðu nokkrum árum síðar þegar Evrópusambandið var stofnað. Lærdómurinn sem draga má af atburðunum í Colleville-sur-Mer er augljós. Frelsið og lýðræðið er óaðskiljanlegt,“ sagði franski forsetinn í ræðu sinni.

Trump ræddi ekki um slíkt samstarf í ræðu sinni heldur lofaði hugrekki þeirra og dirfsku sem börðust í Normandí. „Þetta mikla hugrekki má rekja til mikillar trúar. Þau komu hingað og björguðu frelsinu. Svo fóru þau heim og sýndu okkur um hvað frelsið snýst,“ sagði Trump og bætti við:

„Enn öflugri en bandarísk vopn reyndist styrkur hins bandaríska hjarta. Þetta fólk óð í gegnum eld og brennistein, knúið áfram af afli sem ekkert vopn getur eyðilagt; sterkri föðurlandsást frjálsrar, stoltar og fullvalda þjóðar.“ – þea

## Ósátt við nýjar eldflaugavarnir

**NORÐUR-KÓREA** Ákvörðun japanska varnarmálaráðuneytisins um að koma upp eldflaugavarnakerfinu Aegis Ashore til þess að bregðast við þeirri ógn sem Japönum þykir stafa af norðurkóreskum eldflaugatilraunum er grafalvarleg. Þetta sagði í norðurkóreska ríkisblaðinu Rodong Sinmun í gær.

Japansstjórn hefur undanfarin 20 ár rökstutt uppbyggingu eldflaugavarnakerfis ríkisins með þessum hætti, að því er kom fram í greiningu bandarísku varnarmálahugveitunnar RAND, en það er af og frá að mati Norður-Kóreumanna.

Samkvæmt Rodong Sinmun er raunveruleg ástæða uppbyggingarinnar ískyggilegri. Blaðið heldur því fram að Japanar reyni að byggja ríkið upp sem hernaðarrisa og í kjölfarið sölsa undir sig landsvæði á meginlandinu.

„Viðræður um frið á Kóreuskaga svipta Japana þessum rökstuðningi sínum og þess vegna reyna Japanar nú að auka á togstreituna á svæðinu,“ sagði í blaðinu.

Norður-Kóreumenn hafa ítrekað skotið eldflaugum yfir Japan í gegnum tíðina og þykir Japönum því ógn stafa af einræðisríkinu. Engin eldflauganna hefur þó lent á Japan. – þea



**Niels Högel fékk lífstíðardóm.** NORDICPHOTOS/AFP

## Dæmdur fyrir að myrða 85

**ÞÝSKALAND** Niels Högel, þýskur hjúkrunarfræðingur, fékk í gær lífstíðarfangelsisdóm fyrir að hafa myrt 85 sjúklinga á tveimur sjúkrahúsum í norðurhluta Þýskalands. Samkvæmt þýska miðlinum DW er Högel afkastamesti fjöldamorðingi Þýskalands á friðartímum.

„Sekt þín er gríðarleg. Það er erfitt fyrir mannshugann að átta sig á umfangi þessara glæpa. Mér líður eins og bókhaldara dauðans. Stundum er ljótasti skáldskapur ekki nógu slæmur til að lýsa raunveruleikanum,“ sagði Sebastian Bührmann dómari við Högel er hann kvað upp dóm sinn.

Högel myrti sjúklingana er hann var við störf frá árinu 1999 til 2005. Fórnarlömbin voru á öllum aldri og ástand þeirra allt frá því að vera dauðvona til þess að vera á batavegi.

Í frétt DW sagði að venjulega ættu lífstíðarfangar von á því að geta sótt um reynslulausn eftir fimmtán ára afplánun. Dómarinn tók fyrir þann möguleika í gær vegna þess hve alvarlegir glæpir Högels væru. – þea




**Patrick Kapuwa, forseti friðar- og öryggissviðs Afríkusambandsins, á fundi þess um að frysta aðild Súdans að sambandinu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Afríkusambandið frysti aðild Súdans vegna aðgerða hersins

**Aðild Súdans að Afríkusambandinu hefur verið fryst eftir að tugir mótmælenda féllu í árásum súdanska hersins. Illa hefur gengið að leysa deiluna en forsætisráðherra Eþíópíu kemur til landsins í dag til að reyna að miðla málum. Mótmælendur hyggjast loka vegum og brúm.**

**SÚDAN** Afríkusambandið ákvað í gær að frysta aðild Súdans að sambandinu vegna þess ofbeldis sem súdanski herinn hefur beitt mótmælendur í vikunni. Friðar- og öryggissvið Afríkusambandsins greindi frá þessu í yfirlýsingu í gær. Súdan mun því ekki geta tekið þátt í samstarfinu þar til almennir borgarar fá að koma að stjórn landsins og deilan í ríkinu hefur verið leyst.

Ákvörðunin var tekin á neyðarfundi Afríkusambandsríkja í eþíópísku borginni Addis Ababa. Moussa Faki Mahamat, forseti framkvæmdastjórnar sambandsins, hefur kallað eftir tafarlausri rannsókn á málinu svo þeir sem ábyrgir eru fyrir árásunum sleppi ekki.

Nokkur óánægja ríkir með viðbrögðin og þykir ýmsum þau koma of seint, að því er Al Jazeera greinir frá. Joseph Ochieno stjórnmálagreinandi sagði í viðtali við katarska miðilinn að tilkynningin kæmi einfaldlega „fullseint“.

Mótmælt hefur verið af krafti í Súdan frá því í desember síðastliðnum. Upphaflega snerust mótmælin um að koma Omar al-Bashir forseta frá völdum. Herinn steypti al-Bashir af stóli þann 11. apríl og við tók herforingjastjórn til bráðabirgða. Mótmælendur kröfðust þess þá að fá almennar kosningar um nýja ríkisstjórn og viðræður við herforingjastjórnina hófust.

Mótmælendur sneru þó ekki til síns heima og héldu þess í stað áfram að mótmæla herforingjastjórninni. Á mánudag réðst herinn á mótmælendur í höfuðborginni Kartúm og Abdel Fattah al-Burhan, herstjóri og leiðtogi bráðabirgðastjórnarinnar, sagði viðræðum slitið.

**46**

**hafa farist samkvæmt herninum en rúmlega hundrað að sögn mótmælenda.**

Al-Burhan skipti um skoðun nokkru seinna, sagði að kosið yrði innan níu mánaða og bauð leiðtogum mótmælahreyfingarinnar aftur til viðræðna en því boði hefur verið hafnað á þeim grundvelli að mótmælendur telja sig ekki geta treyst hernum eftir blóðbaðið.

Rúmlega hundrað hafa farist í aðgerðum hersins að því er samtök súdanskra lækna, tengd stjórnarandstöðunni, segja frá. Þar af hefur jarðneskum leifum 40 mótmælenda verið bjargað úr ánni Níl. Herforingjastjórnin tjáði sig fyrst um tölu látinna í gær og hafnaði því að hún væri svo há. Talan væri „í mesta lagi“ 46.

Mohammed Hamadan, einn leiðtoga herforingjastjórnarinnar, hefur komið hernum til varnar. Sagt að öfgamenn og eiturlyfjasalar hefðu komið sér inn í mótmælendahreyfinguna.

Talsmenn mótmælendahreyfingarinnar eru hvergi nærri hættir þrátt fyrir mannfallið. Þeir fóru í gær fram á að íbúar landsins lokuðu vegum og brúm til þess að „lama daglegt líf“ víðs vegar um landið. Það væri andsvar við aðgerðum súdanska hersins.

Í von um að það takist að leysa deiluna mun Abiy Ahmed, forsætisráðherra Eþíópíu, ferðast til Súdans í dag. Reuters hafði eftir heimildarmönnum úr utanríkisþjónustu Eþíópíu að Ahmed ætlaði sér að reyna að miðla málum á milli hers og mótmælenda. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Bretar segja rússnesk stjórnvöld þurfa að haga sér

**BRETLAND** Samband Bretlands og Rússlands batnar ekki nema rússnesk stjórnvöld breyti hegðun sinni. Þetta sagði upplýsingafulltrúi Theresu May, breska forsætisráðherrans, í gær. Samband ríkjanna hefur verið afar stirt að undanförnu og þá sérstaklega eftir að eitrað var fyrir fyrrverandi rússneska gagnnjósnaranum Sergei Skrípal og dóttur hans í Salisbury á síðasta ári.

„Við höfum verið afdráttarlaus og sagt að árásargirni og viðleitni Rússa til að skapa óreiðu grafi undan fullyrðingum þeirra um að ríkið geti verið ábyrgur samstarfsaðili,“ hafði Reuters eftir upplýsingafulltrúanum.



**Pútín vill hætta að tala um Skrípal.** NORDICPHOTOS/AFP

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sagðist fyrr í gær vona að næsti forsætisráðherra Bretlands, valinn í komandi leiðtogakjöri Íhaldsflokksins, gæti leyft sér að gleyma efnavopnaárásinni í Salisbury og þannig einbeitt sér að því að bæta sambandið. Rússar hafa frá upphafi neitað ábyrgð í málinu en Bretar og fleiri ríki vísuðu rússneskum erindrekum úr landi vegna Skrípalárásarinnar. Tveir Rússar hafa verið ákærðir í Bretlandi fyrir morðtilraun vegna málsins.

„Hnattræn vandamál sem tengjast sameiginlegum hagsmunum á sviði efnahags-, félags- og varnarmála eru mun mikilvægari en leikir leyniþjónusta. Ég tala hér sem sérfræðingur, trúið mér. Við þurfum að hætta að einbeita okkur að smámálum sem þessu og fara að ræða það sem raunverulega skiptir máli,“ sagði Pútín og tók fram að bætt samskipti væru góð fyrir þau hundruð breskra fyrirtækja sem hafa starfsemi í Rússlandi. – þea


blómaval
Sumar
BLÓMA
SPRENGJA
í Blómavali
-20%
Matjurtir,
6 í bakka
799kr
999 kr
Stjúpur
10 stk.
990kr
Sparaðu 1.000 kr.
Hortensía, minni
2.990kr
3.990 kr
Sparaðu 1.000 kr.
Hortensía, stærri
3.990kr
4.990 kr
-44%
Sólboði
990kr
1.790 kr
-40%
Margarita
1.190kr
1.990 kr
-40%
Hengilóbelía
1.190kr
1.990 kr
Trjáplöntur og runnar
20%
afsláttur
20%
afsláttur
af ÖLLUM útipottum
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sólríkur dagur á Skaganum

Akurnesingar nutu í gær veðurblíðunnar sem leikur við Faxaflóann þessa dagana. Göngutúrar og ærsl í Löngufjöru, málin yfirfarin á fótboltavellinum og í Guðlaug nutu baðgestir þess að láta líða úr sér við létt spjall um lífið og tilveruna,







# Lítið lært



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Eina stærstu frétt vikunnar var að finna í tilkynningu Seðlabankans á mánudagsmorgun um nýjar tölur um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Á fyrstu þremur mánuðum ársins batnaði hrein staða þjóðarbúsins um hvorki meira né minna en 270 milljarða og er núna jákvæð sem nemur 21 prósenti af landsframleiðslu. Aldrei hefur staðan verið betri í lýðveldissögunni – Íslendingar hafa ávallt verið lántakendur við útlönd – og er hún nú ein sú hagfelldasta í allri Evrópu. Ástæða er til að ætla að þessi breyting sé varanleg sem endurspeglar þá kerfisbreytingu sem hefur orðið á grunngerð hagkerfisins.

Þetta átti samt ekki að vera hægt. Litið aftur til ársins 2013, þegar erlend staða þjóðarbúsins var neikvæð um þúsund milljarða og raunverulegar áhyggjur voru um sjálfbærni skuldastöðunnar ef illa færi við losun hafta, áttu fáir von á þessum árangri. Þá einskorðaðist leið sumra, einkum stjórnmála- og embættismanna, við það að fara bónleiðina til Evrópska seðlabankans og slá þar risalán í evrum til að hleypa krónueignum erlendra kröfuhafa úr landi. Sem betur fer var önnur leið farin. Vel heppnuð áætlun um afnám hafta, byggð á sérsniðnum innlendum lausnum, breytti stöðunni á einni nóttu þegar kröfuhafar samþykktu að framselja krónueignir að virði meira en 500 milljarðar endurgjaldslaust til ríkisins – og um leið tóku væntingar innlendra og erlendra fjárfesta, ásamt fyrirtækjum og almenningi, stakkaskiptum gagnvart framtíð hagkerfisins.

Nú telja hins vegar sumir að á sama tíma og þessi umskipti hafa orðið á hagkerfinu þá hafi umræðan um þriðja orkupakkann opnað upp á gátt spurninguna um hvort Ísland eigi heima í ESB. Þetta er furðulegt stöðumat. Verkefnið er að verja og betrumbæta EES-samninginn, okkar mikilvægasta alþjóðasamning, gegn þeim öflum sem nú skynja að þau kunni að hafa pólitíska stundarhagsmuni af því að grafa undan honum. Það er aftur á móti sannarlega ekki að setja enn á ný aðild að ESB á dagskrá, sem myndi valda djúpstæðum ágreiningi í samfélaginu, og þá um leið upptöku evru, sem væri meiriháttar glapræði. Stundum mætti halda að þeir hinir sömu, sem ætti að vera kunnugt um mikla og afgerandi andstöðu þjóðarinnar gegn slíkri vegferð, hafi lítið lært af reynslu síðustu ára heldur snúist málið orðið meira nánast um þráhyggju en raunhæft mat á því hvar íslenskum hagsmunum sé best borgið. Ísland, hvar hagkerfið hvílir á fáum stoðum sem kallar á sveigjanlegt gengisfyrirkomulag og á því fátt sameiginlegt með evrusvæðinu, á ekkert erindi í ESB.

Eftir fordæmalausa efnahagsuppsveiflu hefur þjóðarbúið sjaldan staðið á sterkari stoðum. Sú staðreynd að Ísland er orðið að stórum lánveitenda við útlönd er aðeins eitt, ásamt meðal annars myndarlegum gjaldeyrisforða og litlum skuldum ríkissjóðs, af styrkleikamerkjum hagkerfisins. Ólíkt mörgum Evrópuríkjum, sem hafa yfir að ráða takmörkuðum úrræðum með vextina við núllið og eru föst í spennitreyju óburðugs myntbandalags, erum við vel í stakk búin til að takast á við skammvinnan efnahagssamdrátt. Við skulum nýta okkur þá stöðu, í stað þess að þrátta um eitthvað sem seint mun verða.

**Ástæða er til að ætla að þessi breyting sé varanleg sem endurspeglar þá kerfisbreytingu sem hefur orðið á grunngerð hagkerfisins.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Rasistar**

**Frétt Moggans um hælisleitanda á Ásbrú sem safnaði sýru fór víða. Fram kom að með öllu væri óvíst hvers vegna sýrunni var safnað. Hvergi var greint frá þjóðerni eða trúarbrögðum viðkomandi. Samt voru margir handvissir um að á ferðinni væri múslimi sem ætlaði sér að skvetta sýru á saklausa borgara. Síðar kom í ljós að tilgangur sýrusöfnunarinnar var að losa stíflu í vaski. Enn hefur ekkert komið fram um þjóðerni eða trúarbrögð viðkomandi. Er ekki til hugtak yfir þá sem trúa alltaf því versta upp á ákveðna minnihlutahópa?**

**102**

**Hverfið 102 Reykjavík er orðið að veruleika; sjálf Vatnsmýrin, eitt umdeildasta svæði borgarinnar, ásamt Skerjafirði. Sjálfstæðismenn hafa í gegnum tíðina verið mótfallnir því að flugvöllurinn víki fyrir þéttari byggð. Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi kaus einn Sjálfstæðismanna gegn tillögunni í borgarráði í gær, en aðrir fulltrúar flokksins sátu hjá. Málið snertir borgarstjórnarflokkinn á ýmsa vegu. Marta sjálf verður íbúi í 102 Reykjavík og oddvitinn var stofnfélagi í samtökunum „102 Reykjavík“ um aldamótin. Má þess geta að eitt aðalmarkmið samtakanna var að berjast fyrir flutningi flugvallarins úr Vatnsmýrinni. arib@frettabladid.is**

# Sumu er auðsvarað



Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra.

Vegna fækkunar ferðamanna og aflabrests í mikilvægum veiðistofni, loðnunni, verður ekki hagvöxtur á þessu ári eins og spáð hafði verið. Hagkerfið hefur á hinn bóginn verið í miklum vexti undanfarin ár. Það er merkileg staðreynd að hagkerfið er orðið um 25% stærra en það var árið 2013.

Sá tímabundni samdráttur sem nú er gert ráð fyrir er í engu sambærilegur erfiðum samdráttarskeiðum sem við höfum gengið í gegnum áður. Um þetta eru allir sammála. Ja, nema mögulega Samfylkingin sem hélt fund á mánudaginn var undir yfirskriftinni: „Er annað hrun í vændum?“ Ekkert hefur spurst út um niðurstöðu fundarins. En þessu er auðsvarað. Tvennt stendur upp úr þegar horft er yfir sviðið um þessar mundir:

Horfur til næstu ára eru ágætar. Spáð er hóflegri verðbólgu, áframhaldandi hagvexti, lækkandi vöxtum og með því skilyrðum fyrir aukinn kaupmátt. Við munum lækka tekjuskatt, tryggingagjald lækkar aftur um næstu áramót og áfram verður haldið við styrkingu innviða.

Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hve vel við erum í stakk búin til að takast á við breytingar í ytra umhverfinu. Við höfum dregið lærdóm af sögunni, breytt lögum, aukið aga í opinberum fjármálum, innleitt fjármálareglur og búið í haginn fyrir erfiðari tíma. Á undanförnum árum hefur margt gerst:

- Við höfum greitt upp 660 milljarða af skuldum og stórlækkað vaxtagreiðslur.
- Rekið ríkissjóð með rétt um 390 milljarða afgangi frá 2014.
- Erlendar eignir okkar umfram skuldir nema um 600 milljörðum.
- Eiginfjárstaða heimila og fyrirtækja hefur stórbatnað og sparnaður vaxið.
- Við höfum opnað landið fyrir aukin viðskipti með niðurfellingu vörugjalda og tolla.

Aðlögun að breyttum horfum í hagkerfinu verður ekki með öllu sársaukalaus. Við þurfum að skapa ný störf, sækja fram og halda verðmætasköpun í landinu áfram.

Til þess þarf frumkvæði, bjartsýni og kraft. Það þarf réttar áherslur.

Það getur líka skipt máli að kunna að spyrja réttu spurninganna.

**Sá tímabundni samdráttur sem nú er gert ráð fyrir er í engu sambærilegur erfiðum samdráttarskeiðum sem við höfum gengið í gegnum áður.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Er ekki hægt að fá vinnufrið hérna?

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Nú til dags eru fáar setningar sem virka eins „kallakarla"-legar eins og þegar þess er krafist í fjölmiðlum að „mennirnir" fái „vinnufrið" til þess að útkljá málin án þess að vera truflaðir. Á síðustu árum finnst mér frasinn um að heimta vinnufrið einkum dúkka upp í kringum aðstæður þar sem fólk hefur komið sér í einhvern bobba. Ég sé fyrir mér hóp fjölmiðlafólks sem umkringir stjórnmálamann og allir garga spurningar í átt að stjórnmálamanninum: „Hver er staða málsins?" „Er útlit fyrir að stjórnin springi?" „Verður einhver dreginn til ábyrgðar?" „Hefur ráðherrann íhugað afsögn vegna málsins?· Og stjórnmálamaðurinn segir fast og ákveðið: „Nú er verið að fara yfir allar hliðar málsins og öll sjónarmið verða rædd. Það sem er mikilvægast núna er að fá vinnufrið til þess að greiða úr þeirri stöðu sem komin er upp, þakka ykkur fyrir."

En fjölmiðlar láta sér ekki segjast. „Ertu að segja að það komi til greina að ráðherrann segi af sér?"

Og eftir að hafa lagt kurteislega fram bónina um vinnufrið, og lagt áherslu á mikilvægi hans, þá leyfir stjórnmálamaðurinn sér að byrsta sig, og segir nú með valdsmannslegri röddu. „Eins og ég var að enda við að segja þá þarf að ríkja hér vinnufriður. Ég mun ekki svara fleiri spurningum. Þakka ykkur fyrir."

### Merkileg mál

Frasinn um að „fá vinnufrið" virðist í margra augum hafa töframátt. Í orðunum felst ekki kurteisleg beiðni um að sýnt sé tillit heldur eru þau stundum yfirlýsing sem segir: „Það sem ég er að gera er miklu mikilvægara en það sem þið eruð að gera. Hættið nú að flækjast fyrir fullorðnu fólki, skottist heim til ykkar og látið lítið fara fyrir ykkur og svo látum við mikilmennin vita þegar óhætt er að gefa sér tíma til þess að sinna ykkur, ormarnir ykkar."

Að fárast yfir því að fá ekki vinnufrið er setning og hugsunarháttur sem á sér eflaust djúpar rætur–virðing fyrir vinnu er djúpstæð. Ég hef til dæmis að því í mínu fjölskyldulífi að hægt er að ala börnin upp í því að bera mikla lotningu fyrir öllum hlutum sem eru skilgreindir sem „vinnu-eitthvað." Vinnu-pennar, vinnu-tölvur, vinnu-töskur, vinnu-bækur og vinnu-gleraugu. Allt eru þetta raunverulegir hlutir sem að jafnaði eru látnir vera í friði á heimilinu.

Velgengni mín við að skilgreina hluti sem „vinnu-þetta-og-hitt" hefur kannski farið smám saman út í öfgar. Nú eru til á heimilinu vinnu-hátalarar, vinnu-vasaljós, vinnu-strokleður, vinnu-litir og vinnu-kaffibollar og margt fleira „vinnu"dót sem á ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við vinnu, en eru algjörlega forboðnir sem leiktæki.

Ég yrði hins vegar hleginn út úr húsinu ef mér dytti það í hug að fara fram á „vinnu-frið". Má þá ekki kveikja á sjónvarpinu og þremur tölvum á sama tíma, skella ísskápshurðum, gala spurningar milli herbergja, glamra á skemmtara, hoppa um, hrópa og kalla? Kanntu annan?

> **Kannski er orðið tímabært að hlusta aðeins á kallakarlinn og gefa gamla góða vinnufriðinum meira vægi á ný.**

### Skarkala drekkt með síbylju

Mig grunar að það sé ekki bara í mínu nánasta umhverfi sem hugtakið „vinnufriður" hafi misst gildi sitt. Allri hugsun varðandi aðstæður til vinnu hefur smám saman verið snúið á haus. Í stað þess að það teljist dónaskapur að trufla manneskju sem situr niðursokkin í vinnu þá er sá talinn dónalegur sem ekki er tilbúinn til þess að hlýða umsvifalaust öllu utanaðkomandi áreiti og láta trufla sig.

Yfirlýsingar um að maður þurfi vinnufrið hafa líklega einhvern tímann þótt ósköp eðlilegar. Fyrir tíma sífelldrar tengingar og stöðugs áreitis frá símum og snjallforritum þá leið vinnudagur flestra án mikilla utanaðkomandi truflana. Fólk gat eflaust notið þess mun oftar en nú að komast í hið þægilega sæluástand fullkominnar einbeitingar þegar viðfangsefnin virðast viðráðanleg, vandamálin skýrast og lausnirnar birtast. Við slíkar aðstæður er truflun dýrkeypt því þá reikar hugurinn í burtu frá viðfangsefninu og ómögulegt getur verið að komast aftur á réttan kjöl í hugsun og flæði.

En nú eru slíkar stundir fágætar fyrir flesta. Margir vinna í opnum rýmum, jafnvel með fólki sem á ekki innirödd og víða grípur fólk til þess ráðs að útiloka hávaða og truflun með enn meiri hávaða og síbylju. Starfsfólk situr með hljóðeinangrandi heyrnartól með dynjandi teknótónlist eða djöflarokki inn á skrifstofum til þess að drekkja hinum óreiðukennda skarkala umhverfisins með útreiknanlegri skarkala Spotify-lagalistans „Einbeiting". Að láta sér detta í hug að heimta að ró, friður og kyrrsæld ríki á vinnustað virkar nánast árásargjarnt korteri frá burnouti.

### Lof okkur að trufla

Þetta endurspeglast meðal annars í þeirri breytingu sem orðið hefur á samskiptum fólks við stór þjónustufyrirtæki á borð við banka. Einu sinni þótti það til marks um slaka þjónustu ef ekki var svarað hratt í símann þegar viðskiptavinurinn hringdi með erindi sín. Svo fengu þjónustustjórar fyrirtækjanna bráðsnjalla hugmynd að í staðinn fyrir að fólk þyrfti að bíða eftir svari þá gæti það einfaldlega skilið eftir skilaboð og bankinn, tryggingafélagið eða símafyrirtækið myndi einfaldlega hringja til baka síðar. Frábær lausn, enginn þarf að bíða á línunni

En það sem raunverulega felst í þjónustubreytingunni er að fyrirtækin segja við viðskiptavini sína: „Hey, hvernig væri að í staðinn fyrir að þú hringir í okkur með þín mál þegar þér hentar, að í staðinn þá hringjum við bara í þig þegar okkur hentar."

Það sem á yfirborðinu virkar sem þægindi er í raun staðfesting á því viðhorfi sem orðið er ríkjandi í samfélaginu að það sé ofsalega slæmt að þurfa að bíða eftir einhverju, en nánast algjörlega kostnaðarlaust að vera truflaður frá því sem maður er að gera.

### Sorrí með mig

Þetta er vitaskuld ekki rétt. Það er mjög dýrkeypt að vera truflaður frá vinnu. Og þótt blessaður kallakarlinn sé alltaf að koma sér í vandræði þessa dagana og sé eflaust orðinn þreyttur á að segja: „Sorrí með mig," þá er sumt sem er kannski rétt að afskrifa ekki sem algjöra vitleysu. Nú hrannast upp sannanir þess hversu skaðleg heilsufarsáhrif stöðugur hávaði hefur á fólk; og þeir sem komast öðru hverju út í kyrrsæla sveit eða út á einangraða víðáttu vita vel hversu góð áhrif það hefur á heilsu og hugsun að vera laus við áreiti, skarkala og klið. Kannski er orðið tímabært að hlusta aðeins á kallakarlinn og gefa gamla góða vinnufriðinum meira vægi á ný.

Við þá sem hvorki botna upp né niður í þessum skrifum vil ég segja sjálfum mér til varnar: Ég fékk ekki vinnufrið.



Tilboð gilda út 10. júní




- ☑ **PALEO**
- ☑ **VEGAN**
- ☑ **GLÚTENLAUST**
- ☑ **MJÓLKURLAUST**

**NÝJUNG**

**Hů 70% súkkulaði úr lífrænu kakó**

**749** kr/stk




**NÝJUNG**

**Deliciou Bacon krydd er frábært á poppið, grænmetið og kjötið**

**899** kr/stk




**Hi-C ávaxtasafar þessir einu sönnu**

verð frá **799** kr/pk




**Rufus Teague BBQ sósur gera góðan grillmat betri**

verð frá **899** kr/stk

## RÉTTUR MÁNAÐARINS




**Austurlenskur nautapottréttur fyrir tvo með fersku grænmeti og kartöflumús**

**2.498** kr/pk




**Hagkaups pizzur 15"**
**Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn í 8 mín á 220°C**

verð frá **1.699** kr/stk




**Fumagalli lífræn parma hráskinka**

**849** kr/pk

# Meira girnilegt







**Steikarkrydd frá Kryddhúsinu**

**519** kr/stk

**Íslenskt ungnauta ribeye**

**4.274** kr/kg
Verð áður 5.699 kr/kg




**Bernaisesósur Hagkaups Benni #1 og Benni #2 chili**

**449** kr/stk




**Kjúklingalundir**

**2.124** kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg




**Kryddlegnar grísakótilettur**

**1.299** kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg




**Íslenskar ungnautalundir**

**5.949** kr/kg
Verð áður 6.999 kr/kg


HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Engin venjuleg tengsl



**Jill Esposito**
starfandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi

Þegar til staðar er sterkt og varanlegt samband, á borð við það sem er á milli Bandaríkjanna og Íslands, gleymist oft að fagna stórum áföngum. Velgengnin verður… venjuleg?

Í dag náum við enn öðrum áfanganum í Reykjavík með stofnun fyrsta viðskiptasamráðs Bandaríkjanna og Íslands. Viðskiptasamráðið, sem tilkynnt var í sögulegri heimsókn utanríkisráðherra Bandaríkjanna til Íslands í febrúar, kemur til með að efla efnahagstengsl þjóða okkar enn frekar.

Manisha Singh, aðstoðarutanríkisráðherra á sviði efnahagsmála, orku og umhverfis og hæst setti stjórnarerindreki efnahagsmála í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, mun leiða sendinefnd Bandaríkjanna. Viðskiptasamráðinu er ætlað að auka enn viðskipti og beina erlenda fjárfestingu milli landanna tveggja.

**Nú þegar tala tölurnar sínu máli**

Árið 2017 námu heildarviðskipti milli Bandaríkjanna og Íslands um 346 milljörðum króna. Bandaríkin eru langstærsta viðskiptaland Íslands. Þau eru stærsti markaður Íslendinga fyrir sjávar- og landbúnaðarafurðir og nam útflutningurinn um 24 milljörðum króna árið 2018. Íslenskur þorskur og íslenskt lambakjöt er enda auðfundið í bandarískum verslunum. Tvíhliða viðskiptatengsl við önnur ríki blikna í samanburði þegar tölurnar eru bornar saman. Samkvæmt Hagstofu Íslands fluttu Íslendingar t.d. út landbúnaðarafurðir fyrir 3.289 milljarða króna til Bandaríkjanna árið 2018, en aðeins fyrir 1.575 milljarða til Þýskalands og 24 milljónir til Kína. Í flokknum „aðrar vörur“ nam útflutningur Íslendinga til Bandaríkjanna 2.704 milljörðum króna en útflutningur til Þýskalands nam 877 milljónum og einungis 12 milljónum til Kína. Möguleikarnir á enn frekari vexti eru miklir, sérstaklega ef horft er til þess jákvæða viðhorfs sem Bandaríkjamenn hafa til Íslands.

Það jákvæða viðhorf sést vel á því að um 30% ferðamanna til Íslands eru Bandaríkjamenn og námu tekjur af komu þeirra um 167 milljörðum króna árið 2017. Sjá má jákvæð áhrif ferðamennskunnar í nánast öllum starfsgreinum á Íslandi. Auk þess er ekki hægt að setja verðmiða á gildi persónulegu tengslanna sem myndast milli Bandaríkjamanna og Íslendinga.

Á ráðstefnu um viðskipti á norðurslóðum í Washington 23. maí síðastliðinn lagði utanríkisráðherra Íslands, Guðlaugur Þór Þórðarson, einnig áherslu á sterk viðskiptatengsl landanna og benti á að þriðjungur allrar beinnar, erlendrar fjárfestingar á Íslandi kæmi frá Bandaríkjunum, sem er meira en frá nokkru öðru landi.

> **Bandaríkin og Ísland ná vel saman efnahagslega vegna þess að löndin fylgja sömu gildum. Báðar þjóðir trúa á réttarreglur, gagnsæi og hugverkavernd.**



**Hvers vegna skiptir allt þetta máli?**

Vegna þess að efnahagsleg velgengni eins lands kemur öllum til góða. Við njótum þess öll að hafa aðgang að sterkum, stöðugum mörkuðum fyrir vörur okkar og þjónustu. Þetta á sérstaklega við um markaði sem byggjast á frjálsum, sanngjörnum og gagnkvæmum viðskiptum.

Bandaríkin og Ísland ná vel saman efnahagslega vegna þess að löndin fylgja sömu gildum. Báðar þjóðir trúa á réttarreglur, gagnsæi og hugverkavernd. Auk tilkomumikilla útflutningstalna sem koma fram hér að framan leggja Bandaríkin áherslu á það hvernig viðskiptum er háttað og fagna þar öllum samburði við aðrar þjóðir.

Sem dæmi hafa Bandaríkin kynnt til sögunnar W-GDP (Women's Global Development Prosperity Initiative), sem er heildræn nálgun til að flýta fyrir fullri þátttöku kvenna í alþjóðahagkerfinu. Bandaríkin lögðu einnig áherslu á frumkvöðlastarf kvenna á GES-ráðstefnunni, sem Bandaríkjamenn héldu ásamt Hollendingum nú í mánuðinum. Þetta frumkvæði rímar vel við þau merku skref sem Íslendingar hafa tekið í átt að kynjajafnrétti. Raunar er það eitt af markmiðum viðskiptasamráðs landanna að deila þekkingu og hugmyndum um efnahagslega valdeflingu kvenna.

Eitt af því ánægjulegasta í embættistíð minni hefur verið að sjá hversu einbeittir íslenskir frumkvöðlar og fyrirtækjaeigendur eru þegar kemur að því að færa efnahagstengsl landanna upp á næsta stig. Sem dæmi mun sendiráðið fara fyrir stærstu sendinefnd Íslendinga til þessa á SelectUSA Investment Summit, ráðstefnu til að greiða fyrir erlendum fjárfestingum á Bandaríkjamarkaði sem fram fer í Washington í þessum mánuði.

Þessum litlu áföngum náum við á hverjum degi, allt frá Kísildalnum til Íslenska sjávarklasans á Granda, til að auka hagsæld bæði Bandaríkjamanna og Íslendinga. Sambandið er sterkt og öflugt – og þrátt fyrir að það sé orðið að vana tel ég vel þess virði að fagna því.

# Stjórnarskrárafmæli, þýsk og íslensk



**Þorkell Helgason**
sat í Stjórnlagaráði

Mannleg reisn er friðhelg“

Þannig hefst fyrsta grein stjórnarskrár eða grundvallarlaga Sambandslýðveldisins Þýskalands; „Die Würde des Menschen ist unantastbar.“ Þetta var skráð fjórum árum eftir að lokið hafði hörmungartímabili í þýskri sögu þar sem mannhelgin var fótum troðin af valdhöfum.

Við setningu grundvallarlaganna var lagt kapp á að fyrirbyggja að sagan endurtæki sig. Var þá tekið mið af því hvað þótti hafa brugðist í þeirri stjórnarskrá sem á undan hafði gilt, Weimar-stjórnarskránni, en í ár er liðin rétt öld frá því að hún tók gildi. Það var líka eftir tímabil eymdar og niðurlægingar upp úr endalokum fyrra stríðs. Sú stjórnarskrá var um margt framsækin, ekki síst hvað mannréttindi varðar. En á henni þóttu gallar og sá einna helstur að forsetinn hafði of mikil völd. Hann gat sett lög og vikið grundvallarákvæðum stjórnarskrárinnar til hliðar á meintum neyðartímum. Það var þetta sem glæpamenn nýttu sér til gerræðisvalda.

Hinn 23. maí sl. minntust Þjóðverjar þess að liðin voru 70 ár frá því að grundvallarlög þeirra tóku gildi. Þjóðverjum er annt um þessa stjórnarskrá, enda hefur hún tryggt að mannhelgi hefur verið virt, frelsi og friður ríkt og lýðræði og réttarríki í heiðri haft; allt lengur en nokkurn tímann áður í þýskri sögu. Vonir eru bundnar við að svo verði um ókomna tíð. Raunar eru ákvæðin um breytingar á grundvallarlögunum þýsku þannig að undirstöðunni svo sem um reisn mannsins verður ekki haggað svo lengi sem lýðskrumurum tekst ekki að hrifsa völdin. Í Þýskalandi sem og annars staðar þarf almenningur að sjá í gegnum blekkingar þeirra. Þar þurfa Íslendingar einnig að vera á varðbergi.

Ein mikilvægasta trygging þess að stjórnarskráin þýska standist tímans tönn er það nýmæli hennar er að starfa skuli sérstakur stjórnlagadómstóll þar sem hver og einn getur borið upp mál þyki lög eða stjórnvaldsaðgerðir brjóta í bág við stjórnarskrána. Dómstóllinn er virkur og vakandi. Úrskurða hans, sem eru nánast vikulegir, er beðið af eftirvæntingu og hefur dómstóllinn einatt sett Sambandsþinginu og stjórnvöldum stólinn fyrir dyrnar, svo sem með því að krefjast tvívegis lagfæringa á kosningalögum til aukins jafnræðis milli flokka og til að auka rétt kjósenda.

**Fyrirmynd handa öðrum**

Þýska stjórnarskráin hefur orðið fyrirmynd margra þjóða sem hafa losnað undan alræði svo sem í Grikklandi, Spáni, í Portúgal eða Suður-Afríku en ekki síður í ríkjum Austur-Evrópu sem brutust undan einræði í nafni kommúnisma. Það er sorgarsaga að þar er nú óðum verið að hverfa til baka, svo sem með því að grafa undan hinum þýskættuðu stjórnlagadómstólum.

Stjórnlagaráð hafði hliðsjón af þýsku stjórnarskránni þegar það vann að tillögum sínum sumarið 2011. Nefna má ákvæði um afmörkun á valdi forseta lýðveldisins. Annað dæmi er að forsætisráðherra skuli kosinn af Alþingi og að honum verði ekki vikið frá nema með kjöri eftirmanns. (Þetta nefnist „konstrúktíft“ vantraust á erlendum málum.) Ákvæðið byggir á dapurri reynslu Þjóðverja frá Weimar-lýðveldinu þar sem stjórnarkreppur voru tíðar. Margir hafa farið að þessari fyrirmynd Þjóðverja.

Í þýsku stjórnarskránni er vissulega kveðið á um að eignarrétturinn skuli tryggður, en því bætt við að eignum fylgi skyldur í almannaþágu. Þessa viðbót tók Stjórnlagaráð upp nær orðrétta. Reyndar er orðalagið um eignarréttinn í íslensku stjórnarskránni með helgiblæ. Þar er notað orðið „friðhelgur“ sem kemur hvergi annars staðar fyrir í því skjali. Þjóðverjum finnst slíkur hátíðleiki eiga betur við þegar rætt er um reisn mannsins en um jarðneska hluti. Við í Stjórnlagaráði hreyfðum samt ekki við þessu helgikennda orði.

**Allt til bráðabirgða?**

Í ár eru líka merkisafmæli íslenskra stjórnarskráa. Sú frá 1874, konungsgjöfin verður 145 ára og lýðveldisstjórnarskráin frá 1944, sú sem sögð var til bráðabirgða, heldur upp á 75 ára afmæli. Þýsku grundvallarlögin voru reyndar einnig sögð tímabundin. Þau náðu í fyrstu aðeins til Vestur-Þýskalands, til hernámssvæða vesturveldanna. Þetta var ástæða þess að stjórnarskráin frá 1949 hlaut nafnið grundvallarlög. Því skyldi breytt í stjórnarskrá þegar náðst hefði að sameina landið af fúsum og frjálsum vilja þýsku þjóðarinnar. Það varð árið 1990, en þar sem grundvallarlögin höfðu sannað gildi sitt og fest sig í sessi þótti hvorki ástæða til að taka þau til endurskoðunar né hrófla við nafninu. Þó hafði hvoru tveggja verið lofað í upphafi.

Að lokum má benda á að aðeins eru tvö ár til nýs íslensks stjórnarskrárstórafmælis. Þá verða liðin 10 ár frá því að Stjórnlagaráð skilaði tillögum sínum til Alþingis um endurbætta stjórnarskrá með aukinni tryggingu lýðréttinda, allt í anda þess að slá skjaldborg um hina mannlegu reisn. Í því sambandi er gaman að geta sagt frá því að nokkrum dögum fyrir hið nýliðna þýska stjórnarskrárafmæli kom stór sendinefnd frá þýska stjórnlagadómstólnum til Íslands til að kynna sér íslensk stjórnarskrármál, ekki síst tillögur Stjórnlagaráðs. Vonandi verður á 10 ára afmælinu hægt að segja þeim og öðrum að grundvöllur hinnar „nýju stjórnarskrár“ hafi tekið gildi, eins og tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 22. október 2012.

# Viljum við borga?



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður Vinstri grænna

Í orðræðunni um loftslagsmál og stjórnvöld heyrast orð eins og aðgerðaleysi og falleinkunn. Það eru orð sem ég tel að séu engum til gagns. Ég ítreka að loftslagsmálin krefjast hlutlægni og gagnrýni sem er studd rökum og staðreyndum. Vissulega verður að gera betur en okkur hefur auðnast og þangað stefnum við öll. Langur listi aðgerða krefst aukinnar þátttöku, t.d. bæði sveitarfélaga og stjórnvalda. Í nýjum loftslagslögum eru stjórnarráðið, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, auk sveitarfélaga, skylduð til að setja sér loftslagsstefnu, með rúmum tímamörkum og samvinnu.

Aukin þátttaka í andófi gegn loftslagsbreytingum á líka við um almennu fyrirtækin og hún færist vissulega í aukana núna. Innlegg félagasamtaka og almennings til andófsins eru á uppleið. Niðursveiflan í hagkerfinu má aftur á móti ekki hamla okkur. Við þurfum að verja þá fjármuni sem eru settir til þessa í ríkisfjármálum. En það þarf líka að auka fjármagnið. Kanna verður hvort ekki beri að setja á tímabundið flatt loftslagsgjald til hliðar við kolefnisgjaldið, sem hækkar hægt, annaðhvort á alla skattgreiðendur í landinu eða á notendur jarðefnaeldsneytis, t.d. flugfélög, útgerðir og flutningsfyrirtæki, á einkaaðila og ótal fyrirtæki. Ég bendi á að 1.000 kr. frá 250.000 gjaldendum gefa okkur fjórðung úr milljarði, 250 millj. kr. á ári. Þannig að 2.000 kr. eða 3.000 kr. ársframlög, svo hófleg sem orðað, varða okkur afar miklu. Afrakstrinum væri skipt á ríki, sveitarfélög og fleiri aðila en gengi ávallt beint til aðgerða. Fyrirkomulagið væri fremur auðvelt að leysa. Nú, tíu árum áður en við eigum að standa við Parísarsamkomulagið, er kominn tími til að skoða svona jákvæða skattheimtu.

> **Fyrirkomulagið væri fremur auðvelt að leysa. Nú, tíu árum áður en við eigum að standa við Parísarsamkomulagið, er kominn tími til að skoða svona jákvæða skattheimtu.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 7. JÚNÍ 2019



Vaida Bražiūnaitė er frá Litháen og er verkefnastjóri Tungumálatöfra. Hún rekur Hversdagssafnið á Ísafirði og hefur mikinn áhuga á íslenska tungumálinu.

# Tungumálatöfrar fyrir erlend börn

Tungumálatöfrar er námskeið sem hefur verið haldið árlega frá árinu 2017 á Ísafirði. Í hádeginu í dag verður haldið málþing á Hrafnseyri um framtíð námskeiðsins og hvort það eigi rétt á sér víðar á landinu. →2





LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜


Námskeiðið er mikilvægur liður í aðlögun innflytjenda og þar af leiðandi styrkingu lýðræðisins á Íslandi. Bæði íslensk og erlend börn sækja námskeiðið.

Námskeiðið er ætlað 5-11 ára gömlum börnum af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og íslenskum börnum sem hafa alist upp annars staðar en á Íslandi. Námskeiðið er haldið 5.-10. ágúst og tilgangurinn er að efla íslenskukunnáttu í gegnum listsköpun og leik.

## Forsetafrúin opnar málþingið

Vaida Bražiūnaitė, verkefnastjóri Tungumálatöfra, segir að tilganginn sé annars vegar að styrkja stöðu barna af erlendum uppruna sem búa hér á landi og hins vegar að styrkja og viðhalda íslenskukunnáttu íslenskra barna sem búa erlendis, kjósi þau í framtíðinni að flytja aftur til Íslands. Vaida er sjálf innflytjandi frá Litháen, rekur Hversdagssafnið á Ísafirði ásamt Björgu Sveinbjörnsdóttur og er „einstaklega frjó og lifandi í nálgun sinni með mannfræði og kvikmyndalist sem bakgrunn“, að sögn Önnu Hildar Hildibrandsdóttur, formanns framkvæmdastjórnar Tungumálatöfra.

Námskeiðið er að sögn skipuleggjenda þess mikilvægur liður í aðlögun innflytjenda og þar af leiðandi styrkingu lýðræðisins og menningarlæsis. Eliza Reid forsetafrú opnar málþingið og stjórnar þrennum umræðum sem verða á milli erinda leikinna og lærðra á sviði fjölmenningar og fjöltyngis. „Eliza er í rauninni andlit málþingsins á meðan við Anna Hildur sjáum um praktísku atriðin,“ segir Vaida.

## Námskeiðið vonandi víðar

Málþingið er styrkt af prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar og haldið í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða og Fjölmenningarsetur. „Tungumálatöfrar er samfélagsverkefni rekið af áhugamönnum um íslenska tungu. Verkefninu er skipt milli þriggja manna framkvæmdastjórnar og átta manna töfraráðs með ólíkar tengingar og búsetu sér til halds og trausts.“ Framkvæmdastjórnina skipa Vaida verkefnastjóri eins og áður sagði, Anna Hildur er formaður og Matthildur Helgadóttir Jónudóttir er gjaldkeri.

Á málþinginu verður rætt um framtíð verkefnisins, námskeiðið hefur síðustu tvö ár verið haldið á Ísafirði en spurningin er hvort það eigi erindi á fleiri stöðum á landinu. Farið verður í saumana á þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa á Íslandi undanfarna áratugi og mikilvægi þess að huga að tjáningunni og þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Á meðal þeirra sem flytja erindi eru Hulda Karen Daníelsdóttir sem fjallar um áherslur menntamálastofnunar, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor mun fjalla um málbreytingar og málvillur, Hannaa Hasan Nfawa Alsaedi og Hanin dóttir hennar, sem komu í hópi kvótaflóttamanna til Súðavíkur, munu svo fjalla um samband sitt við íslenskuna.

> „Við erum að skoða hvernig kennslumódelið virkar og hvernig er hægt að nota listsköpun til að efla tjáningu og sjálfsöryggi.
>
> **Anna Hildur Hildibrandsdóttir**

„Við erum að skoða hvernig kennslumódelið virkar og hvernig hægt er að nota listsköpun til að efla tjáningu og sjálfsöryggi,“ segir Anna Hildur. „Um leið erum við að skoða hvernig svona verkefni eflir samtalið á milli ólíkra þjóðfélagshópa með því til dæmis bjóða upp á samtal um verkefnið og fjölskylduskemmtun þar sem allir koma með sína siði og leiki. Við fáum mikið af fyrirspurnum um hvort ekki sé hægt að bjóða upp á þetta víðar um landið en ekki bara á Ísafirði. Við ætlum líka að skoða það með tilliti til spurningarinnar um hvort þessi aðferð virki til að styrkja íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna.“


Boðið verður upp á hádegismat og farið í ratleik.

## Börnin geta leikið sér úti

Vaida segir að markmiðið sé að fá 30 börn til að taka þátt í námskeiðinu, nú þegar hafa 20 skráð sig.

„Við viljum fá tíu í viðbót og jafnvel 35 börn sem væri hámarkið. Við vonum að það séu fleiri sem hafa áhuga á að taka þátt.“ Í hópnum sem kominn er eru átta mismunandi tungumál töluð og möguleikar á að það bætist við fjölda tungumála.

Vaida vonast til þess að veðrið verði gott svo börnin geta leikið sér úti. „Við höfðum hugsað okkur að fara kannski í bíltúr að Dynjanda, koma aftur og borða hádegismat saman, og fara svo í ratleik til að brjóta hátíðina upp. Það væri gaman ef börnin gætu fengið að vera úti og foreldrar geta skipst á að fylgjast með þeim en það verður líka gaman að fylgjast með erindum sem koma úr mörgum ólíkum áttum.“


Vonast er til að veðrið verði gott svo að börnin geta leikið sér úti.







Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - *Þórunn Kristjónsdóttir*

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Miðborgin okkar



# Litríkt og spennandi mannlíf

## Edda Ívarsdóttir borgarhönnuður segir miðborg Reykjavíkur eiga að vera óformlegan samkomustað íbúanna; öruggt og spennandi svæði sem vinnur gegn einmanaleika og einangrun.

Við hönnun á almenningssvæði í miðborginni er mikilvægt að skapa svæði sem hentar öllum, veitir gleði og eykur samverustundir fólks; þar sem fólki þykir gott að dvelja og njóta lífsins í stað þess að ana í gegn á hraðferð,“ segir Edda Ívarsdóttir, borgarhönnuður hjá Reykjavíkurborg.

Hún segir miðborgina eiga að vera notalegan samkomustað þar sem maður hittir mann og annan.

„Einmanaleiki er almennt að aukast í borgum og fólk að einangrast þrátt fyrir alla samfélagsmiðlana. Þess vegna er mikilvægt að skapa óformlega samkomustaði, þar sem ekki þarf að borga fyrir neitt og fólk getur skapað sitt eigið pláss eins og við sjáum á Klambratúni sem er orðin paradís fyrir fjölbreytta leiki fólks á öllum aldri. Þangað er nánast sama á hvaða vikudegi maður kemur; á Klambratúni er alltaf fólk að leika sér og njóta samveru, og það viljum við líka sjá í miðbænum,“ segir Edda sem vill fá fólk á öllum aldri til að lifa og leika í miðborg Reykjavíkur.

„Við viljum endilega fá barnafjölskyldur til að koma oftar niður í bæ, þar sem fólk upplifir sig í öruggu umhverfi en það gerir maður ekki við bílagötur. Því höfum við skapað skemmtileg svæði þar sem fólk getur andað rólega með börn sín að leik og þar




Edda segir gleðilega upplifun að heimsækja miðborgina sem er komin í sumarbúning. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sem ekki þarf stöðugt að líta yfir öxlina til að athuga hvort börnin séu í hættu vegna umferðar. Það er mikilvægt fyrir allar borgir að eiga slík svæði og þess vegna eru göngugötur mikilvægar í borgum. Við opnum í raun götur fyrir gangandi fólk svo fólk geti notið þeirra og haft nóg rými til að komast að verslunum og þjónustu því bílaumferð, mjóar gangstéttir og kantar eru farartálmar fyrir til dæmis hreyfihamlaða, þá sem eiga erfitt með gang eða eru með barnavagna. Þegar við höfum heila götu með sléttu yfirborði sem nær hús í hús verður mun auðveldara að ferðast með barnavagna og fyrir þá sem eiga erfitt um gang eða eru í hjólastól,“ segir Edda.

Hún segir aðkallandi að halda í gleðina sem fylgir sumrinu í miðbænum.

„Þess vegna skreytum við Laugaveginn með rauðum túlípönum á ljósastaurum, nýjum og litríkum bekkjum til að hvílast á, setjum upp vinsælu hjólahliðin og málum götur sem skapa stemningu og fjölbreytileika. Um leið og við höfum málað götuna sjáum við strax að vegfarendur nýta göturýmið öðruvísi. Áður en málað er ganga allir á gangstéttunum sitt hvorum megin því það er innbyggt í eðli okkar að forðast að fara út á götuna vegna bílaumferðar. Því málum við teppi fyrir fótgangandi og fólk streymir út á göturnar.“

Edda hefur líka orðið vör við stóra breytingu á umgengni borgaranna á almenningssvæðum.

„Við sjáum nú minna af skemmdarverkum því fólk ber almennt meiri virðingu fyrir svæðum þegar búið er að leggja í það hugsun og vinnu, og það er orðið manneskjuvænna.“

Það er ævintýri að ganga um miðborg Reykjavíkur eftir að hönnuðir borgarinnar hafa sett sinn svip á hana.

„Það er margt nýtt að sjá,“ segir Edda. „Tryggvagata er skemmtilegt dæmi um hvernig við höfum umbylt heilli götu og aðeins brot af því sem í vændum er. Í Tryggvagötu, beint til móts við Bæjartorg, þar sem Bæjarins bestu standa, er að birtast nýtt torg, Steinbryggjan, þar sem hægt verður að setjast við elstu bryggju Reykvíkinga, sem kom í ljós þegar Pósthússtræti var endurgert. Í borgarhönnun er mikilvægt að lyfta upp söguslóðum og fanga staðarandann á hverjum stað. Það verður líka gert á Laugavegi og víðar,“ upplýsir Edda.

Óðinstorg er líka í endurnýjun, Hverfisgata er að taka á sig nýja götumynd og svo ótalmargt fleira.

„Það er gleðileg upplifun að sjá breytingarnar sem setja fallegan svip á bæinn. Þegar stillansar framkvæmda eru teknir niður birtist okkur ný sýn og það er álíka spennandi og að opna pakka,“ segir Edda hin kátasta á litríkum Laugaveginum.

„Það er allt að gerast í miðborginni og sjaldan verið fleiri á ferli. Mannfjöldinn samanstendur af bæði heimamönnum og ferðafólki, sem er skemmtileg blanda og gerir miðborgina okkar að lifandi og spennandi stað.“

# Hafnartorg – okkar eigin útlönd

## Hafnartorg er nýtt verslunarsvæði í miðbænum sem mun gegna mikilvægu hlutverki til framtíðar, ásamt því að skapa tengingu milli gamla miðbæjarins, hafnarsvæðisins, Granda og Hörpu.

Reginn fasteignafélag á allt verslunar- og þjónusturými á Hafnartorgi og vinnur nú að því að byggja upp öfluga heild rekstraraðila á svæðinu. „Við búum yfir mikilli reynslu af rekstri verslunarmiðstöðva eins og Smáralindar og annarra bygginga sem fólk heimsækir mikið, eins og Egilshöll,“ segir Tinna Jóhannsdóttir, forstöðumaður markaðsmála hjá Regin. „Hafnartorg er hugsað út frá alþjóðlegum smásölufræðum hvað flæði, hönnun og samsetningu verslana varðar og á Hafnartorgi erum við að búa til áfangastað fyrir viðskiptavini, íbúa á svæðinu, þá sem starfa á svæðinu og ferðamenn.

Rýmin eru öll í hæsta gæðaflokki. Í þeim er sérstakt gler sem tryggir sýnileika inn í rýmin, mjög hátt til lofts og frábært aðgengi,“ segir Tinna. „Hönnun svæðisins á sér erlendar fyrirmyndir og hefur nú þegar laðað að alþjóðlegar verslanakeðjur. Við erum gríðarlega ánægð með þær verslanir sem hafa verið opnaðar og hlökkum til næstu opnana.“



Tinna segir að Reginn sé að byggja upp nýtt miðbæjarsvæði til framtíðar og því sé hvert einasta skref mjög vandað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### 80% af rýmunum útleigð

„H&M og H&M Home var opnað á Hafnartorgi síðla síðasta árs, Collections, sem er rekin af eigendum Herragarðsins, hefur opnað afar fallega verslun sem selur vandaðan dömu- og herrafatnað og GK Reykjavík hefur opnað glæsilega búð með bæði fatnað og snyrtivörur fyrir dömur og herra,“ segir Tinna. „COS opnaði svo sína fyrstu verslun á Íslandi fyrir skemmstu og viðtökurnar á svæðinu hafa farið fram úr væntingum. Fleiri opnanir eru svo væntanlegar á næstu vikum og mánuðum, en Reginn hefur þegar leigt út 80% af verslunarrýmunum á svæðinu.“

### Lúxusvörumerki í fyrsta sinn á Íslandi

„Það eru ákveðin verslunarrými frátekin fyrir framtíðar leigutaka og við erum ekki að flýta okkur því við viljum fá „rétta“ leigutaka á svæðið. Þó að við þurfum að bíða aðeins eftir þeim er það mikilvægt fyrir heildarmyndina og svæðið til framtíðar,“ segir Tinna. „Við erum að byggja upp nýtt miðbæjarsvæði til framtíðar og verðum að vanda okkur í hverju einasta skrefi.

Það er meðal annars þess vegna sem við höfum rætt við hin ýmsu lúxusvörumerki sem hafa aldrei áður fengist á Íslandi,“ segir Tinna. „Nú er tækifærið til að sannfæra þau um að opna á Íslandi og það væri galið að nýta það ekki.“

### Aðgengi með besta móti og næg bílastæði

„Hafnartorg er eins og áður sagði úthugsað út frá sömu fræðum og verslunarmiðstöð og undir Hafnartorgi er bílakjallari með 1.100 bílastæðum. Hluti hans, með um 250 stæðum, hefur verið tekinn í notkun og er opinn almenningi. Bílakjallarinn er samtengdur bílakjallaranum í Hörpu og fólk kemst líka upp á göngugöturnar,“ segir Tinna. „Fyrir utan þetta er líka fjöldi bílastæðahúsa í miðbænum, svo það er algjör mýta að það skorti bílastæði í miðbæ Reykjavíkur.

Til lengri tíma litið ætlum við svo að byggja upp öflugt veitingahúsa- og verslunarsvæði á Austurhöfn, svæðinu sem er við hlið Hafnartorgs, nær Hörpu,“ segir Tinna. „Þetta verður því frábært svæði sem á eftir að laða að bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn og ég er fullviss um að Íslendingar geti verið stoltir af svæðinu um ókomna framtíð.“

> Við erum að byggja upp nýtt miðbæjarsvæði til framtíðar og verðum að vanda okkur í hverju einasta skrefi.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# Eldhústæki sem endast kynslóðir

Kokka hefur verið starfandi í miðborginni frá 2001. Starfsemin hófst í gömlum bílskúr við Ingólfsstræti en flutti fljótlega á Laugaveg 47 enda reyndist skúrinn strax þröngur í fyrstu jólaösinni.

Í fjölskyldufyrirtækinu Kokku standa þær systur Auður og Guðrún Jóhannesdætur vaktina ásamt Þorsteini, eiginmanni Guðrúnar. Einnig starfa þar Margrét og Nikólína sem vita meira en flestir um potta, pönnur og ýmis eldhústól. Verslunin er þó ekkert of stór og þykir undrum sæta hvernig er hægt að koma fyrir yfir 5.000 vörunúmerum á aðeins 80 fermetrum.

„Það heldur manni á tánum,“ segir Guðrún og er þeirrar skoðunar að maður eigi að eiga færri en betri eldhústól. „Það er alltaf betra að vanda valið enda borðar maður mat á hverjum degi og því mæðir oft mikið á þeim tækjum og tólum sem notuð eru við matseld.“

Guðrún er líka hrifin af hlutum sem hafa fjölbreytt hlutverk.

„Allar pönnurnar í Kokku mega fara inn í ofn, svo að ef þú vilt baka brauð eða köku í potti eða pönnu þá er það ekkert vandamál. Það rímar líka vel við aukna meðvitund um endingarbetri hluti að velja sér til dæmis Rösle-þeytara með 20 ára ábyrgð. Það eru allir að tala um margnota og er þá ekki betra að kaupa sér járnpönnu sem getur, með réttri meðhöndlun, enst í kynslóðir? Að því loknu er hún að fullu endurvinnanleg,“ upplýsir Guðrún.



Sumarið er líka komið og blómstrar í þessu undurfagra matarstelli.

Í Kokku er mikið lagt upp úr gæðum. Það getur skilað sér í hærri verðmiða til að byrja með en er alltaf ódýrara þegar upp er staðið.

„Ég gaf manninum mínum Peugeot-piparkvörn í jólagjöf árið 1994 og hún er enn í daglegri notkun,“ segir Guðrún. „Það er líka bara skemmtilegra að nota góð tól; eldamennskan litast alltaf af því.“

Lengi býr að fyrstu gerð og því er ágætt að byrja að koma sér upp góðum verkfærum snemma á lífsleiðinni, enda er vinsælt að setja saman óskalista fyrir brúðkaup í Kokku.



Guðrún Jóhannesdóttir er eigandi búsáhaldaverslunarinnar Kokku þar sem flest fæst sem þarf til að elda og njóta matar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Við erum að sjálfsögðu með glös og stell en sífellt fleiri setja tól og tæki í eldhúsið á óskalistann sinn. Við erum líka boðin og búin að aðstoða við að velja það sem hentar best. Það er misjafnt hvað fólk er að gera í eldhúsum sínum og þar af leiðandi hentar ekki öllum það sama, en þar getum við ráðlagt,“ segir Guðrún.

Eins og áður segir er úrvalið í Kokku ótrúlegt. Þar fæst flest sem tengist því að elda og njóta matar. Allt frá bindigarni upp í eldavélar. Flest má skoða í vefverslun Kokku en sjón er sögu ríkari svo það er um að gera að drífa sig í bæinn og kíkja við í Kokku.

„Við mælum með bílastæðahúsinu við Vitatorg sem er í 250 metra fjarlægð frá horni Laugavegar og Frakkastígs. Þar eru alltaf næg bílastæði,“ segir Guðrún að lokum.

Kokka er á Laugavegi 47. Kíktu í Kokku á netinu: kokka.is

Glæsilegir skartgripir
innblásnir af íslenskri sögu



fríða
GULLSMIÐUR & SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Skólavörðustíg 18 – www.fridaskart.is




Opnunartímar:
Opið alla daga
Virka daga 09:00 – 19:00
Laugardaga 10:00 – 16:00
Sunnudaga 12:00 – 16:00
ÍSLANDS APÓTEK

# Fjöldi bílahúsa í miðborginni

Vissir þú að lengsta mögulega leiðin sem það tekur að ganga frá bílahúsi og að verslun og þjónustu er að hámarki 350 metrar eða 3 mínútur. 4.189 bílastæði verða í boði á næstu misserum.




**Bílahús miðborgarinnar**

| | Fjöldi stæða |
|---|---|
| Stjörnuport | 191 |
| Vitatorg | 223 |
| Kolaport | 166 |
| Vesturgata | 106 |
| Ráðhúsið | 130 |
| Traðarkot | 270 |
| Bergsstaðir | 58 |
| Harpa | 545 |
| Hafnartorg | 1.160 |
| Höfðatorg | 1.340 |
| **Samtals** | **4.189** |

# Borgin er að breytast hratt

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, landslagsarkitekt, borgarfulltrúi og formaður skipulags- og samgönguráðs, segir miðborgina vera að vakna til lífsins og breytingar hafa átt sér stað undanfarið.

Sigurborg Ósk er fædd og uppalin á Kjalarnesi. Hún segist vera sveitastelpa í eðli sínu en finnst engu að síður mjög gaman að fylgjast með þróuninni sem orðið hefur á miðborginni í Reykjavík. Sjálf býr hún í Hlíðunum með eiginmanni og börnum. Pólitíkin hefur ekki alltaf heillað og stjórnmálin voru ekki efst á lista yfir áhugamál þar til hún var að ljúka námi í Ósló. „Námið mitt snerist mikið um loftslagsbreytingar og lokaritgerðin var um sjálfbærar samgöngur í höfuðborginni. Mig langaði að sjá þær verða að veruleika og besta leiðin til að hafa áhrif var að fara í pólitík,“ segir Sigurborg sem skipaði annað sæti á lista Pírata fyrir kosningarnar 2018.

„Áður en ég tók sæti í skipulags- og samgönguráði hafði ég verið áheyrnarfulltrúi í ráðinu. Ég hafði því innsýn í starfið og vissi út á hvað það gengur. Mér finnst uppbyggingin og breytingar í borginni vera stórt skref í því að setja fólk í forgang. Borgin iðar af lífi ólíkt því sem áður var. Nú eru fleiri íbúar, ferðamenn og gestir. Miðborgin hefur því aldrei verið jafn lífleg og skemmtileg. Aðalatriðið er að hún dragi að sér fólk. Besta leiðin til að sjá hversu skemmtilegur miðbærinn er orðinn er að sjá það með eigin augum. Þarna er fjölbreytt starfsemi, margir stórir vinnustaðir og stofnanir en síðan eru endalausir viðburðir í gangi og margt um að vera. Nýjar verslanir



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Hún segir margt spennandi að gerast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Fljótlega verða hafnar framkvæmdir við Tollhúsið í Tryggvagötu. Þar verða bílastæðin færð en í staðinn kemur svæði fyrir fólk að setjast niður með fallegum gróðri.

hafa skotið upp kollinum í nýju, stóru verslunarrými sem nýbyggingarnar bjóða upp á. Svo er menningin auðvitað hjartað í bænum.“

Sigurborg segir yndislegt að koma í miðbæinn. „Hann er að þróast í rétta átt og það sér maður vel þegar gengið er um bæinn. Alltaf eitthvað nýtt að sjá og upplifa. Umræðan hefur verið svolítið um lokanir verslana en það er verið að opna margar nýjar í staðinn. Sumum verslunum hentar kannski ekki það aðgengi sem boðið er upp á í miðbænum og fara annað. Þá kemur eitthvað nýtt í staðinn,“ segir hún.

Þegar Sigurborg er spurð hvort spennandi hlutir séu að gerast í sumar, svarar hún því játandi. „Það er alltaf eitthvað að gerast. Fljótlega verða hafnar framkvæmdir við Tollhúsið í Tryggvagötu. Þar verða bílastæðin færð en í staðinn kemur svæði fyrir fólk að setjast niður með fallegum gróðri. Þá fær listaverk Gerðar Helgadóttur á Tollhúsinu að njóta sín betur. Á sama tíma ætlum við að klára gömlu steinbryggjuna rétt við Hafnartorgið. Á næsta ári ættu að hefjast breytingar við neðsta hluta Laugavegar. Útlitinu verður breytt til að gera svæðið að fallegri göngugötu með heildrænni sýn. Einnig verður Snorrabrautin endurhönnuð sem borgargata og strætóstoppistöðin færð þangað frá Hlemmi. Um leið verður honum breytt í stórt göngutorg. Með þessum breytingum verða Hlemmur, Laugavegur og Kvosin ein heild.

Framtíðarsýnin er að bílum fækki í borginni. Engu að síður verður aðgengi að stæðum tryggt með bílakjöllurum og bílastæðahúsum. Með stýringu á bílastæðum getum við stjórnað umferðinni. Við viljum að sem flestir komi í miðborgina en að samgöngur verði vistvænni. Það er mikil uppbygging í gangi. Tvö stór hótel að rísa og annað þeirra sem stendur í Lækjargötu verður með spennandi safn þar sem sýndur verður fornleifauppgröftur á svæðinu. Einnig verða spennandi veitingastaðir í báðum nýju hótelunum. Þá er Landsbankinn að byggja glæsilegt hús við Hörpu. Hægt verður að ganga upp á það frá Hörputorgi. Ég er mjög bjartsýn á framtíð miðborgarinnar og fólk á eftir að sjá miklar breytingar á næstu tveimur árum,“ segir Sigurborg Ósk.

# Japönsk hönnun í Bóel

## Verslunin býður 20-30% afslátt af MOYURU vörum dagana 7. til 12. júní.

Verslunin Bóel, á Skólavörðustíg 22, hóf rekstur í september á síðasta ári og selur kvenfatnað, skó, handtöskur og fleira. Verslunin leggur aðaláherslu á tímalausa hönnun frá vönduðum hönnuðum.

„Hugsunin er að fatnaðurinn standi af sér tískubylgjur og sé smart þó að árin líði. Ég elska þegar viðskiptavinir Bóel koma inn í eldri hönnun frá Rundholz sem er eitt af hönnunarmerkjum verslunarinnar,“ segir Þuríður Ottesen, eigandi Bóel.

Í Bóel fæst gott úrval af flíkum frá japanska merkinu MOYURU. Á bak við merkið stendur hönnunarteymi sem leggur áherslu á afslappaðan fatnað sem endurspeglar jörðina, vindinn og frelsið. „Sniðin eru himnesk,“ segir Þuríður. „Þetta eru flókin þrívíddarsnið sem gera svo fallegar hreyfingar í fatnaðinn. MOYURU flíkurnar klæða konur af öllum stærðum og gerðum. Þrívíddarsniðið gerir það að verkum að flíkin er ekki eins á öllum og verður eins og listaverk á þeim sem bera hana. Það er galdurinn við sniðið. Það er gaman að sjá hvað flíkurnar verða fallegar á ólíkum konum. Það gerir starfið okkar hjá Bóel svo skemmtilegt.“

Þuríður segir að markhópurinn fyrir MOYURU séu konur frá fertugu og upp úr. „En konur kaupa vörurnar og dæturnar stela þeim af þeim,“ segir Þuríður hlæjandi. „Ungu konunum finnast þetta fallegar flíkur líka.“

MOYURU flíkurnar eru, eins og áður segir, hannaðar af hönnunarteymi og mikið er lagt í sniðin. MOYURU línan samanstendur af úrvali af fallegum kjólum, skyrtum, jökkum, frökkum og buxum. Frakkarnir eru búnir til út sérunnu næloni frá Balí. Þeir henta vel fyrir íslenska veðráttu því þeir hleypa hvorki vindi né regni gegnum sig.

Frá 7.–12. júní býðst viðskiptavinum Bóel 20-30% afsláttur af allri MOYURU línunni. Bóel er fyrsta verslunin á Íslandi sem býður upp á þennan klæðilega fatnað sem hefur lengi notið vinsælda í erlendum hönnunarbúðum.



**MOYURU frakkar eru vind- og vatnsheldir og hönnunin er listaverk.**




**Þær Guðrún Lilja og Þuríður skarta kjólum frá MOYURU.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kaffi í hæsta gæðaflokki á Kaffitári

## Ef þú ert að leita að úrvalskaffi þá finnur þú það á Kaffitári í Bankastræti 8, í miðbæ Reykjavíkur. Með kaffinu er svo hægt að fá ferskt bakkelsi sem er allt handgert og bakað í Kruðerii Kaffitárs.

Kaffitár stærir sig af því að selja kaffi sem tilheyrir einum besta gæðaflokki kaffibauna í heimi, en aðeins 7% kaffibauna í heiminum komast í þann gæðaflokk, það eru til dæmis engin eiturefni notuð á kaffibaunaplönturnar og baunirnar eru allar arabica sem er tegundin af kaffiplöntunni, en hún er viðkvæmari fyrir áreiti og ágangi. Það getur þýtt að ef eitthvað kemur fyrir uppskeruna komi ekki önnur uppskera fyrr en eftir nokkur ár. Fyrir áhugasama er hægt að kaupa arabica-kaffibaunir á kaffihúsum Kaffitárs með góðri samvisku. Kaffihúsin eru öll Svansvottuð sem er norræna umhverfisvottunin.

„Við erum búin að vera með vottunina frá 2010. Við vorum fyrst á Íslandi til að fá kaffihúsavottunina og þau einu á Norðurlöndunum lengi vel í flokki kaffihúsa. Við erum mjög stolt af því og gerum eins vel og við getum til að halda í þá vottun,“ segir Marta Rut Pálsdóttir, rekstrarstjóri kaffihúsa Kaffitárs. Kröfur Svansvottunarinnar verða sífellt harðari og Marta segir að Kaffitár vinni hart að því að verða vistvænni með því að til dæmis flokka rusl, og minnka sífellt notkun á einnota umbúðum og plasti.

Meirihlutinn af kaffinu sem er selt í Kaffitári er keyptur beint af bændum í Suður-Ameríku, en það er stiginu betra en „Fair Trade“ þar sem er alltaf að minnsta kosti einn milliliður. Þeir sem sjá um rekstur Kaffitárs hafa gengið úr skugga um að það sé ekki stunduð barnaþrælkun á búgörðunum sem þeir versla við, og heimsækja búgarðana reglulega. Kaffitár verslar mest við bóndann Ricardo frá Níkaragva. „Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands að heimsækja okkur. Búgarðurinn hans heitir Jesus Maria. Síðan verslum við mikið við Daterra í Brasilíu, þau sem vinna á þeim búgarði stefna á að koma og heimsækja Ísland í ár en þau hafa aldrei komið áður.“

Í Níkaragva hafa Marta og fleiri á vegum Kaffitárs byggt upp bæði eldhús, grunnskóla og leikskóla. „Svo alltaf þegar við komum í heimsókn förum við með bækur, blýanta og liti, og annað sem þarf í skólana.“

Það er greinilega gott starf á bak við Kaffitár og metnaðarfullt starfsfólk sem er annt um umhverfið. Kaffihúsið í Bankastræti hefur verið starfandi síðan 1997, það er notalegt og á skemmtilegum stað, er opnað klukkan sjö á morgnana og er lokað sex á kvöldin. Þar er hægt að njóta gæðakaffis yfir tímaritum og blöðum, eða hverju sem er á fríu interneti.



**Rekstrarstjórinn Marta Rut Pálsdóttir, hér á notalegu kaffihúsi Kaffitárs í Bankastræti.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við erum búin að vera með vottunina frá 2010. Við vorum fyrst á Íslandi til að fá kaffihúsavottunina og þau einu á Norðurlöndunum lengi vel í flokki kaffihúsa.**

# Eyesland bætir sjónina

**Eyesland gleraugnaverslun býður upp á fjölbreytt vöruúrval gæðamerkja með það að leiðarljósi að hlúa að augnhreysti viðskiptavina með réttum gleraugum, linsum og öðrum vörum tengdum góðri augnumhirðu.**


Sigrún, Emilía, Maríanna og María í Eyesland veita viðskiptavininum frábæra þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eyesland býður fjölbreytt úrval af hágæða gleraugum auk sportgleraugna. Í sportgleraugum má nefna merki eins og Julbo, Bolle og Cébé. „Við þjónustum fjöldann allan af útivistarfólki sem vill bæta upplifun og gæði í sportiðkun með sérsniðnum lausnum glerja og linsa,“ segir Sigrún Andersen framkvæmdastjóri. Einnig bjóðast sólgleraugu og sportgleraugu með styrk.

**Rétt umgjörð gerir alla flotta**

Falleg gleraugu eru hluti af heildarútliti og setja punktinn yfir i-ið. Starfsmenn Eyesland aðstoða við að finna gleraugnaumgjarðir sem henta þörfum og útliti hvers og eins. Eysland býður upp á fjölbreytt vöruúrval þekktra vörumerkja eins og Hugo Boss, Tommy Hilfiger, Ray Ban, Vanni og Marc O'Polo, Jensen o.fl.

Eyesland gleraugnaverslun er í Glæsibæ, 5. hæð, og að Grandagarði 13. Sjá einnig opnunartíma á heimasíðunni eyesland.is.


Þessi eru frá Jensen og fást í Eyesland.


AEROLITE frá Julbo. Mjög nett og létt umgjörð. Sérstaklega hönnuð fyrir hlaupara. Dökkna í sól frá ljósbleiku yfir í brúnt. Skerpa sérstaklega vel á litum í umhverfinu ásamt því að vernda augun vel.


Aerospeed frá Julbo. Aerospeed sportgleraugu loka vel á sólarljós og vind og henta því vel á racer-hjólum. Glerið dökknar í sól, frá glæru gleri í dökkgrátt. Ekki næm fyrir hita/kulda og eru með móðu- og kámvörn.


Þessi fallegu gleraugu eru frá Vanni og fást í Eyesland.


Grillaður hamborgari á Geira Smart er algjört lostæti.

# Geiri Smart grillar góðgæti í blíðu veðri sumarsins

Geiri Smart Street Food í Hjartagarðinum er opinn núna þriðja sumarið í röð og er orðinn hefð hjá mörgum að kíkja við í góðan götumat og drykk á bæjarröltinu. Grillaði Rib Eye borgarinn þykir með betri borgurum bæjarins og kartöflu „falafelið“ er skemmtileg viðbót við Street Food matseðilinn.

Það er opið alla daga frá 11 til 18 í Hjartagarðinum til 31. ágúst.

Eins er matseðillinn á Geira Smart kominn í sumarbúning og státar af réttum eins og bleikju með eplum, fennel, möndlum, kapers og kartöflum og rauðrófum með heslihnetum, ricotta, svörtum hvítlauk og reyktum vorlauk og eftirrétti sem heitir einfaldlega Lakkríssúkkulaði. Bragðlaukarnir munu þakka þér.


Það er hægt að sitja úti við Geira Smart og í sumar verður boðið upp á grill í garðinum.


Æðislegur bröns á Slippbarnum.


Slippbarinn er þekktur fyrir glæsilega og góða kokteila.

# Brönsinn á Slippbarnum

Hinn margrómaði bröns á Slippbarnum nýtur mikilla vinsælda og er meðal annars þekktur fyrir að með honum voru kynntar fyrir Íslendingum djúpsteiktar pylsur á priki. Hlaðborðið er einstaklega fjölbreytt og hentar jafnt yngri og eldri gestum. Dæmi um aðra rétti eru tómatsúpa með eldpipar, nýbökuðu brauði og pestó, flatbökur að hætti Slippbarsins, grænt heilsuskot, chili rækjur og vöfflur með sírópi, sultu og súkkulaðihnetusmjöri.

» Boðið er upp á bröns allar helgar frá klukkan 12-15 og ekki væri verra að ljúka ljúffengri máltíð á Happy Hour Slippbarsins sem hefst alla daga klukkan 15.

Boðið er upp á bröns allar helgar frá klukkan 12-15 og ekki væri verra að ljúka ljúffengri máltíð á Happy Hour Slippbarsins sem hefst alla daga klukkan 15 og stendur til klukkan 18.

Slippbarinn er einmitt fyrsti íslenski kokteilbarinn þar sem handverk í kringum kokteilagerð er í hávegum haft. Kokteilseðill sumarsins, Holy Horror, var kynntur á dögunum. Voru þar frumsýndir kokteilar eins og Expressocism, Raisin Hell og Soulstone. Seðillinn er teiknaður af Holy Hrafn.

# Systrasamlagið fyrir anda og efni

**Systurnar Guðrún og Jóhanna Kristjánsdætur hjá Systrasamlaginu bjóða upp á gæða vörur og heilnæma næringu.**



Guðrún og Jóhanna Kristjánsdætur eru báar jógakennarar og hafa mikla ástríðu fyrir hugleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Systrasamlagið var stofnað í júní 2013 í litlum kofa á Seltjarnarnesi en hugmyndin varð til í búddísku klaustri í Skotlandi snemma sama árs.

„Við tókum þá stefnu strax í upphafi að bjóða ekki eingöngu upp á holla og góða fæðu, lífrænt kaffi og lífræna mjólk, vönduðustu bætiefnin og aðrar þekktar heilsuvörur, heldur teljumst við brautryðjendur í sölu á fallegum lífrænum jógafatnaði, jógavörum, eiturefnalausum snyrtivörum, við komum flothettunni á framfæri sem nú flýgur hátt og svona mætti áfram telja,“ segir Guðrún.

Systurnar fluttu sig um set fyrir tveimur árum, en þær hafa komið sér vel fyrir á Óðinsgötu 1 þar sem einn besta leynigarð í 101 er að finna. „Á Óðinsgötu höfum við frábært sköpunarrými, þar getur fólk setið og haft það gott og við getum haldið námskeið um allt milli himins og jarðar, svo framarlega sem andinn er í efninu. Við erum til dæmis með vikulega hugleiðslu fyrir alla, regluleg sveitasamflot, það næsta á sumarsólstöðum 21. júní, tarotnámskeið, bætiefnanámskeið og alls konar skemmtilegheit.“

## Sterk hugsjón

Systurnar eru með mjög sterka hugsjón sem heldur áfram að skerpast. „Við vitum að andinn þarf að vera í efninu. Við höfum báðar alltaf verið skotnar í gæðum og heiðarleika, og við teljum lífrænt vera langbesta grunninn,“ segir Guðrún. Þær eru ávallt með hugann við velferð dýra og náttúruna almennt, eins og sannir jógar. „Í upphafi 2013 völdum við að vera með plöntuumbúðir og notum hreinsiefni sem valda sem minnstum skaða fyrir lífríkið. Við höfum lengi vitað að það sama gildir um mann og náttúru, það er að segja ef hafið er súrt er maðurinn líka súr.“

## Heilnæmar vörur

Mikil áhersla er lögð á hreinar gæða vörur. „Þegar við völdum ilmvötn inn í búðina okkar þurftu þau ekki að vera frönsk og elegant heldur frekar lífræn með blómadropum. Naglalökkin eru vegan og laus við skaðleg efni, við tókum inn magnaðar vatnsflöskur með kristöllum sem hafa sín góðu áhrif á vatnið, jógavörurnar eru allar af bestu gæðum, bolir og skart með fallegum skilaboðum, jógasamfestingurinn okkar eru orðinn einstaklega vinsæll, að ógleymdu Virdian vítamín- og bætiefnalínunni sem er framúrskarandi vönduð og nær öll vegan en líka fyrsta pálmaolíufría línan í veröldinni,“ segir Jóhanna.

Kaffið hjá Systrasamlaginu er lífrænt og þær leggja mikið upp úr því að allir drykkir sem þær hafa hannað og mótað sjálfar séu innihaldsríkir og hollir. „Við horfum mikið til lækningajurta og þegar við erum að móta drykk verður hann að vera hollur, bragðgóður og gefandi.“ Systurnar horfa mikið til Ayurveda, sem eru indversk lífvísindi jóganna, en þær eru báðar jógakennarar og telja að næsta heilsubylgja verði byggð á þeim grunni.

## Sameiginlegur áhugi

Jóhanna hefur verið viðloðandi heilsubransann í mörg ár en hún starfaði hjá Heilsuhúsinu í 25 ár. Guðrún er stjórnmálafræðingur og starfaði lengi sem blaðamaður og ritstjóri. Það má segja að hún hafi læðst bakdyramegin inn í heilsubransann, enda búin að fylgjast með þessari heilsuþróun úr hæfilegri fjarlægð í mörg ár, yfir öxlina á systur sinni.

„Það sem við áttum sameiginlegt í upphafi var hjartans áhugi á heilsu, jóga og hugleiðslu. Við vissum báðar að það væri heldur betur eitthvað sem við vildum leggja inn í fantasíuverslunina sem við töluðum alltaf um að opna. Eiga ekki margir fantasíuhugmynd um að opna búð eða kaffihús?“ spyr Jóhanna.

Systurnar eru sammála um að Systrasamlagið hafi farið fram úr þeirra villtustu draumum.

Þann 15. júní verður Systrasamlagið sex ára og af því tilefni verða ýmsir skemmtilegir afslættir og uppákomur út júní.






# Gullöld fram undan í miðbænum

## Í Macland á Laugavegi er hægt að kaupa Apple-vörur og fá alhliða þjónustu varðandi tæknimál. Framkvæmdastjórinn er spenntur fyrir breytingunum í miðborginni.



Hörður í Macland segist spenntur fyrir breytingunum í miðbænum og telur að gullöld sé að taka við í miðbæjarlífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrirtækið Macland var stofnað árið 2009 til að gera við tölvur meðfram annarri vinnu. „Það vantaði góða þjónustu fyrir Apple-notendur á Íslandi,“ segir Hörður Ágústsson framkvæmdastjóri. „Ári seinna opnuðum við svo fyrstu búðina á Klapparstíg. Eftir nokkur ár þar fórum við niður á Laugaveg og svo opnuðum við líka í Kringlunni síðasta sumar. Þannig að þetta fór frá því að vera hugmynd yfir í að vera raunverulegt fyrirtæki með níu starfsmenn.

Macland er lítið fyrirtæki sem gerir hluti sem önnur fyrirtæki gera líka, en við höfum öðruvísi nálgun. Við bjóðum upp á það sem við köllum ofurþjónustu, sem gengur út á að veita viðskiptavinum persónulega og alhliða þjónustu sem fólk getur treyst,“ segir Hörður. „Þannig að þetta er ekki bara verslun og verkstæði, heldur alhliða þjónustustaður fyrir allar tölvuþarfir viðskiptavina. Tæknimál eru svo mikilvægur hluti af öllu núna að fólk þarf góða þjónustu frá fólki sem þekkir til og við getum veitt ráðgjöf varðandi öll möguleg tæknitengd mál.

Við spyrjum viðskiptavini líka iðulega í hvað þeir ætli að nota vélbúnaðinn og getum þá beint fólki á réttu brautina og oft sparað því mikinn pening. Við viljum hjálpa fólki að fjárfesta í því sem það raunverulega þarf,“ segir Hörður. „Það er rosalega mikilvægt að geta veitt svona þjónustu, sérstaklega á tímum netverslunar. Með því að koma til okkar og tala við starfsfólk sem er sérlega vel að sér og fá persónulega nálgun er oft hægt að spara sér mikinn tíma, vesen og peninga.“

### Spenntur fyrir breytingunum

„Við höfum verið í miðbænum í rúm níu ár núna og hann er okkar miðja,“ segir Hörður, sem finnst vanta meiri áherslu á þjónustu í miðbænum. „Það er allt önnur upplifun að koma á göngugötu en að heimsækja verslunarmiðstöð og við viljum vera hluti af þróun í átt að aukinni þjónustu í miðborginni.

Við erum eiginlega eina tölvubúðin í miðbænum og það er ómetanlegt að geta boðið þessa þjónustu,“ segir Hörður. „Það vantar meiri þjónustu fyrir Íslendinga í miðbæinn, en þeir eru um 95% viðskiptavina okkar, sem sýnir að þeir vilja þessa þjónustu og vilja sækja hana niður í miðbæ.

> Það er allt önnur upplifun að koma á göngugötu en að heimsækja verslunarmiðstöð og við viljum vera hluti af þróun í átt að aukinni þjónustu í miðborginni.

Við höfum verið yfirlýstir aðdáendur götulokananna á sumrin frá fyrsta degi. Göngugötur bjóða upp á öðruvísi og rólegri stemningu og mér finnst eiginlega pínu fúlt að lokunin nái ekki til okkar í ár,“ segir Hörður. „Að mínu mati er búið að eyða of mikilli orku í að vera á móti þessum breytingum og ég held að öll þessi neikvæða umræða sé miklu skaðlegri en lokanirnar sjálfar. Það má ekki tala þetta of mikið niður.

Ég vil sjá einingu meðal kaupmanna í miðbænum og við eigum að vera jákvætt afl. Þrátt fyrir vaxtarverki núna eigum við eftir að vera svo ánægð þegar þessar breytingar eru búnar,“ segir Hörður. „Ég held að við séum að fara að sigla inn í gullöld í miðbæjarlífinu og ég er til dæmis rosalega spenntur að sjá hvaða áhrif Hafnartorg hefur á mannlífið.“

# Eitthvað fyrir alla hjá Wasteland

## Wasteland er fataverslun sem sérhæfir sig í sölu á notuðum fatnaði. Vilja sýna fram á mikilvægi þess að endurnýta fatnað og benda á sjarmann í því að gefa flíkum nýtt líf.



Wasteland er með mikið úrval af fötum, skarti og sólgleraugum. MYND/LOGI HILMARSSON

Verslunin Wasteland var stofnuð í Kaupmannahöfn árið 2003. Verslunin býður upp á notaðar flíkur og er hún vinsælasta verslun sinnar tegundar í Danmörku. Árið 2017 flutti Rakel Unnur Thorlacius til Kaupmannahafnar eftir að hafa stundað stílistanám í London og tók við stöðu verslunarstjóra í Wasteland. „Með tímanum kom upp sú hugmynd hjá mér og eigandanum að opna Wasteland á Íslandi, ég var líka komin með smá löngun til að flytja aftur heim til Íslands,“ segir Rakel. Hugmyndin varð að veruleika og Wasteland opnaði verslun sína á Ingólfsstræti 5 þann 4. maí síðastliðinn.

### Miðbærinn það eina sem kom til greina

Þegar kom að því að finna staðsetningu fyrir verslunina komu ekki margir staðir til greina. „Það var aldrei nein spurning að opna búðina neins staðar annars staðar en í miðbænum og það átti ekki að opna búðina fyrr en í nóvember en þegar húsnæðið á Ingólfsstræti kom upp þá var engin spurning um að flýta opnuninni um hálft ár.“

Rakel segir að miklir kostir fylgi því að vera með verslun í miðbænum. „Það er svo mikil stemning að vera með búðina í miðbænum í kringum öll listasöfnin, kaffihúsin og iðandi mannlíf,“ segir Rakel. Wasteland í Reykjavík og Kaupmannahöfn eru ekki ólíkar en báðar verslanirnar liggja við vinsælustu verslunargötur borganna.

### Persónulegur stíll og hreinna umhverfi

Fötin eru handvalin frá Bandaríkjunum, Kanada og Japan af Rakel og eiganda Wasteland í Kaupmannahöfn fyrir báðar búðirnar. „Vegna aukinnar vitundarvakningar um að endurnota föt og ekki kaupa hraðtískuföt þar sem fatnaður er einn stærsti mengunarvaldur í heiminum í dag, þá hafa verið frábær viðbrögð frá fólki við opnun Wasteland á Íslandi.“ Rakel segir að mikilvægt sé að fólk taki það til umhugsunar að kaupa notuð föt. „Með kaupum á notuðum fötum ertu ekki einungis að vera góður við umhverfið þitt. Þú ert að kaupa eitthvað sem er einstakt og enginn annar á nema þú og getur þar með skapað þinn eigin persónulega stíl. Það getur stundum verið yfirþyrmandi að ganga inn í verslun sem er einungis með notuð föt og finna eitthvað sem passar á þig þar sem það er bara eitt af hverju en þess vegna er starfsfólkið til staðar til að hjálpa þér að finna þessar fullkomnu flíkur,“ útskýrir Rakel.

Hún mælir með því að fólk gefi sér tíma í að skoða og máta, sérstaklega ef fólk er ekki vant því að kaupa notuð föt. „Notuð föt eru fyrir alla í öllum stærðum og gerðum, unga sem aldna. Við erum með fatnað sem nær alveg aftur til ársins 1940 og dagsins í dag, þannig að það er eitthvað fyrir alla. Markmið Wasteland er að gera Ísland að betri stað og að auka kaup á notuðum fötum.“

Það er opið í Wasteland alla daga vikunnar. Mánudaga til fimmtudaga frá 10.00-18.00, föstudaga frá 10.00-19.00, laugardaga frá 11.00-18.00 og sunnudaga frá 12.00-18.00.

Opið verður í Wasteland á 17. júní frá kl. 10.00-19.00 og tekið verður á móti öllum með bros á vör.






















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949




SUZUKI Ignis GLX 4x4. 3/2017, ekinn 27 Þ.KM, bensín, 5 gírar. frábær smájepplingur fjórhjóladrifinn, ekki bílaleigubíll,Verð 2.380.000. Rnr.280296.



HYUNDAI Tucson Style. 12/2017, ekinn aðeins 5 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar.Ekki bílaleigubíll Leðuráklæði,bakkmyndavél,og m/fl. Verð 4.990.000. Rnr.152440.



TOYOTA Hilux VX D/C Invincible 33"breyting ,Pallhús, hlaðinn aukabúnaði. 4/ 2018, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 7.990.000. Rnr.152417.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**


Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt að að leita sér


## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Fjórhjól


CFMOTO




**ZFORCE 1000**
**Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, traktosskráður.**
**Kr. 2.949.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Bátar

MARÁS
**TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR**



JAPÖNSK GÆÐI!

| | |
|---|---|
| **Léttir** | **Kraftmiklir** |
| **Fyrirferðalitlir** | **Sparneytnir** |
| **Hljóðlátir** | **3,5-250 hö** |

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðsláttur
s:7600231
20% afsláttur fyrir eldri borgara.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

**Fljót og góð þjónusta**
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Málarar

**Húsamálun**
Alhliða málningarþjónusta
Vönduð vinnubrögð
**Fáðu tilboð**
Uppl. í s. 847 1628 &
litaverk@gmail.com
**Litaverk ehf**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### FSR - Hefur þú brennandi áhuga á verklegum framkvæmdum??

intellecta

Vegna aukinna verkefna leitar Framkvæmdasýsla ríkisins að drífandi og framsýnum liðsmönnum til að taka þátt í verkefnastjórnun framkvæmda ásamt framþróun verklags og aðferðafræði í verklegum framkvæmdum á vegum hins opinbera. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt störf með miklum þróunarmöguleikum.

- **Leiðandi verkefnastjóri**
- **Aðstoðarverkefnisstjóri**

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** og Þórður S. Óskarsson **(thordur@intellecta.is)** í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.intellecta.is**

### Eik - Lögfræðingur útleigusviðs

capacent

Starf lögfræðings útleigusviðs Eikar fasteignafélags er krefjandi og fjölbreytt. Eitt meginhlutverk hans er stuðningur við útleigusvið með gerð leigusamninga og skjalagerð. Lögfræðingur útleigusviðs styður einnig við húsumhyggju- og framkvæmdasvið félagsins með tilfallandi ráðgjöf og verkefnum.

Umsóknarfrestur
9. júní 2019

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13765**

### ÓBÍ - Fjölmiðlafulltrúi: 75-100% starf

Öryrkjabandalag Íslands óskar eftir að ráða til starfa fjölmiðlafulltrúa með brennandi áhuga á mannréttindum. Fjölmiðlafulltrúinn sinnir fjölbreyttum verkefnum sem snúa m.a. að frétta- og greinaskrifum, samfélagsmiðlun og skipulagningu viðburða.

Nánari upplýsingar veitir:
Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.

### ÍTR - Forstöðumaður - Árbæjarlaug

intellecta

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum stjórnanda í starf forstöðumanns Árbæjarlaugar. Viðkomandi þarf að hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og farsæla reynslu sem stjórnandi.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** og Þórður S. Óskarsson **(thordur@intellecta.is)** í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.intellecta.is**

### Efling - SVIÐSSTJÓRI KJARAMÁLASVIÐS EFLINGAR

Efling - stéttarfélag óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjaramálasviðs.

Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

### ÓBÍ - Lögfræðingur: 50% tímabundið starf

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir öflugum lögfræðingi í tímabundið starf í 12-14 mánuði..

Nánari upplýsingar veitir:
Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.


Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU


## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

## Húsnæði til sölu



**TILBÚIÐ NÝTT HÚS!**
Nýtt 2 svefnh. 2 baðh.38 ferm. fullbúið timburklætt hús til sölu. verð. 7.900þ. Uppl. 820-5181 Greislukjör.

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

# Keypt & Selt

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe SAFT




# Til Leigu

## Bæjarflöt 1-3
112 Reykjavík



Fallegt tæplega 2.000 fm iðnaðar og lagerhúsnæði með 5 innkeyrsluhurðum.

Mikil lofthæð

Stórt malbikað bílaplan er fyrir framan húsið. Nóg af bílastæðum.

Langtímaleigusamningur í boði.

Húsnæðið getur verið laust fljótlega.



Nánari upplýsingar veitir:
**Þröstur Þórhallsson,** lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



# CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**HEPPNI Í KEPPNI**

Gullnáman

**GLÆSILEGUR SPILASALUR**

*Komdu og freistaðu gæfunnar!*

**LIFANDI TÓNLIST**



**TRAP**

*Spilar fyrir dansi*

**FÖSTUDAG & LAUGARDAG**

**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

**SÍMI 554 2166**

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

**WWW.CATALINA.IS**






**ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS Á FRETTABLADID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU, HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!**

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR







# Til Leigu

## Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu á áberandi stað miðsvæðis í Reykjavík.

Frábært útsýni frá efstu hæðum hússins yfir Laugardalinn og Esjuna.

Leigueiningar eru frá 180 – 500 fm.

Bílastæðahús á tveimur hæðum – 100 einkabílastæði.

**Húsnæðið er laust**



Nánari upplýsingar veitir:
**Þröstur Þórhallsson,** lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634



**MIKLABORG** Með þér alla leið **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar




Le Somme er ætlað að skjóta franska liðinu alla leiðina á heimavelli en fyrst þurfa þær að komast fram hjá Alex Morgan og stöllum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pressa á Frökkum á heimavelli

**Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í hefst í dag með leik Frakka og Suður-Kóreu. Bandaríska landsliðið er sigurstranglegt en pressa er á franska landsliðinu að gera atlögu að fyrsta titlinum í kvennaflokki.**

**HM 2019** Áttunda heimsmeistaramót kvenna í knattspyrnu hefst í París í dag þegar heimakonur sem þykja meðal sigurstranglegustu liðanna mæta Suður-Kóreu. Í keppnunum sjö til þessa hafa fjórar þjóðir hreppt gullverðlaunin, Bandaríkin þrisvar, Þýskaland tvívegis og sitt hvor titillinn fór til Noregs og Japans. Fyrir fram þykja Bandaríkin og Frakkland sigurstranglegust.

Sigurhefðin og reynslan eru bandaríska liðinu í hag enda hafa Bandaríkin verið í fremstu röð um árabil. Liðið olli vonbrigðum á ÓL 2016 en hefur síðan þá unnið 39 leiki af 46 og þykir líklegt til að bæta við fjórða heimsmeistaratitlinum í ár. Bandaríska liðið er í efsta sæti styrkleikalista HM og leikmenn þess þekkja hvað þarf til að fara alla leið.

Franska liðið er að stórum hluta byggt upp á leikmönnum hins ógnarsterka liðs Lyon. Alls sjö leikmenn í franska hópnum leika með Lyon, þar á meðal varnarkonan ógnarsterka Wendie Renard og sóknarkonan skeinuhætta Eugénie Le Somme.

Frakkland er í fjórða sæti á styrkleikalista FIFA en franska kvennalandsliðið á enn eftir að vinna til verðlauna. Besti árangur liðsins kom fyrir átta árum þegar Frakkland lenti í fjórða sæti á HM í Þýskalandi og vilja þær eflaust ólmar fylgja eftir árangri karlalandsliðsins og hafa báða heimsmeistaratitlana í Frakklandi næstu árin.

Það skyldi enginn afskrifa að önnur lönd blandi sér í baráttuna um titilinn. Lið á borð við Þýskaland, England, Ástralíu, Holland og Japan fara öll með háleit markmið inn í mótið og ef hlutirnir byrja vel gæti boltinn farið að rúlla. Englendingar náðu besta árangri sínum frá upphafi á síðasta móti þegar Ljónynjurnar fóru heim með bronsverðlaunin frá Kanada og stefna enn lengra í ár.

Þá vantar Mörtu, sem er af mörgum talin ein af bestu knattspyrnukonum allra tíma, enn stærsta titilinn, heimsmeistaratitilinn, í safnið sitt. Marta sem hefur sex sinnum verið valin besta knattspyrnukona heimsins er í brasilíska hópnum en hefur gengið í gegnum erfiða tíma með liði sínu, Orlando Pride, í Bandaríkjunum undanfarna mánuði.

kristinnpall@frettabladid.is

**26**

**ár er meðalaldur allra leikmanna mótsins, sá hæsti í sögu HM.**

**» Myndbandsdómgæsla (e. VAR) verður notuð í fyrsta sinn í lokakeppni HM í kvennaflokki.**

**» Sigurvegarinn fær fjórar milljónir dollara í sinn hlut.**

**» Lukkudýr mótsins er hænuunginn Ettie.**

## Formiga keppir á lokakeppni HM í sjöunda sinn

**HM 2019** Brasilíska landsliðskonan Formiga verður elsta konan sem hefur leikið á HM ef hún kemur við sögu með brasilíska landsliðinu í Frakklandi. Formiga sem fékk eldskírn sína með brasilíska landsliðinu á HM 1995 sem fór fram í Svíþjóð er að taka þátt í lokakeppni Heimsmeistaramótsins í sjöunda sinn á ferlinum.

Formiga er einu ári eldri en hin bandaríska Christie Rampone var á HM í Kanada fyrir fjórum árum. Með því tekur hún fram úr hinni japönsku Homare Sawa sem tók þátt sex sinnum á HM .

Formiga tilkynnti það árið 2016 að hún væri hætt að leika með landsliðinu en tók landsliðsskóna aftur úr hillunni á síðasta ári. Miðjumaðurinn hefur alls leikið 160 leiki fyrir Brasilíu á 24 árum og skorað í þeim 23 mörk.

Það munar tæpum 25 árum á Formigu sem varð 41 árs fyrr á árinu og yngsta leikmanni mótsins, hinni efnilegu Mary Fowler frá Ástralíu sem fagnaði sextán ára afmæli sínu í febrúar. Af þeim 552 leikmönnum sem eru komnir til Frakklands voru 150 leikmenn sem voru ekki fæddir þegar Formiga lék fyrsta leik sinn fyrir Brasilíu í lokakeppni HM í Svíþjóð fyrir 24 árum.

Þrátt fyrir að elsti leikmaður mótsins sé innanborðs í brasilíska liðinu er Brasilía ekki með hæsta meðalaldurinn á mótinu. Þann titil hlýtur Bandaríska liðið þar sem meðalaldurinn er 29 ára. Aðeins bandaríski leikmannahópurinn 2015 var með hærri meðalaldur. **- kpt**



**150**

**leikmenn af þeim 552 sem taka þátt á HM í ár voru ekki fæddir þegar Formiga fékk eldskírn sína.**



María á æfingu með norska landsliðinu í haust. NORDICPHOTOS/GETTY

## María í hóp Noregs í sumar

**HM 2019** Þrátt fyrir að Ísland hafi ekki komist í lokakeppni HM á Ísland einn fulltrúa á HM. María Þórisdóttir sem leikur með Chelsea á Englandi á ættir að rekja til Íslands og er í norska hópnum.

María er fædd og uppalin í Noregi þar sem pabbi hennar, Þórir Hergeirsson þjálfar norska kvennalandsliðið í handbolta, en hún hefur verið dugleg að heimsækja Ísland.

Þetta er önnur lokakeppni HM í röð sem María er í leikmannahóp Noregs eftir að hún lék þrjá leiki af fjórum á HM í Kanada. **– kpt**

## Úr Pepsi Max í lokakeppni HM

**HM 2019** Betsy Hassett, miðjumaður KR og Nýja-Sjálands, er eini fulltrúi Pepsi Max-deildar kvenna á lokakeppni HM. Alls eiga 33 deildir leikmenn á lokakeppninni en flestar koma úr bandarísku deildinni, alls 73 leikmenn.

Betsy er á öðru tímabili sínu hjá KR og var ekki í leikmannahóp KR gegn Keflavík í gær frekar en í síðustu leikjum þegar hún hefur tekið þátt í undirbúningi Nýja-Sjálands fyrir mótið. **– kpt**

## Sú besta verður ekki með á HM

**HM 2019** Ein fremsta knattspyrnukona heims, Ada Hegerberg, mun fylgjast með mótinu af hliðarlínunni vegna deilna við norska knattspyrnusambandið. Hegerberg sem er 23 ára gömul hefur ekki leikið fyrir norska landsliðið í tæp tvö ár og gaf ekki kost á sér fyrir mótið í sumar þrátt fyrir beiðnir norska landsliðsþjálfarans.

Hegerberg var í vetur valin besta knattspyrnukona heims og hlaut að launum Gullboltann (e. Balon d'Or) fyrst kvenna og hefur verið einn besti leikmaður Lyon undanfarin ár. Alls hefur Hegerberger unnið þrettán titla á fimm árum í herbúðum franska liðsins og skorað 255 mörk í 254 leikjum fyrir Lyon.

Hegerberg hefur rætt við norska knattspyrnusambandið sem hefur tekið skref í rétta átt og jafnað greiðslur til karla- og kvennaliðsins. Í samtali við BBC útskýrði Hegerberg að þetta snerist um mismunun í virðingu sem borin væri til karla- og kvennalandsliðsins þegar hún útskýrði af hverju hún myndi ekki gefa kost á sér í sumar. **– kpt**




Ada Hegerberg.


ÁFRAM GAKK!
Frábært úrval af gönguskóm frá Meindl, Scarpa, Lowa og The North Face.
20% afsláttur af öllum útivistarskóm til 12. júní.*
Memory Foam tækni sem lagar sig að fætinum.
Meindl er einn þekktasti gönguskóframleiðandi í Evrópu.
Verð 59.990 kr. Tilboðsverð 47.992 kr.
Meindl Island Rock GTX herraskór.
Ný gerð af vinsælustu gönguskónum okkar.
Sérlega góður ökklastuðningur.
Meindl Island Rock er nýr skór sem er þróaður út frá Meindl Island skónum vinsæla.
Leður með Gore-tex vatnsvörn.
Tvöfaldur sóli sem tryggir öruggt grip og góða endingu.
Gerður fyrir gróft og erfitt landslag. Það er ekki tilviljun að skórinn heitir einmitt eftir Íslandi.
Verð 39.990 kr. Tilboðsverð 31.992 kr.
Meindl Kansas GTX fyrir herra og dömur.
Alhliða leðurgönguskór.
Verð 39.990 kr. Tilboðsverð 31.992 kr.
TNF Hedgehog Mid GTX herraskór.
Léttir leðurskór.
Verð 26.990 kr. Tilboðsverð 21.592 kr.
TNF Hedgehog Mid GTX dömuskór.
Léttir leðurskór.
Lowa Renegade Mid GTX
fyrir herra og dömur. Léttir og liprir gönguskór.
Verð 33.990 kr. Tilboðsverð 27.192 kr.
TNF Hedgehog GTX dömuskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Tilboðsverð 19.192 kr.
TNF Hedgehog GTX herraskór.
Lágir og þægilegir gönguskór.
Verð 23.990 kr. Tilboðsverð 19.192 kr.
20% AFSLÁTTUR TIL 12. JÚNÍ
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
7. JÚNÍ 2019 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1992** Nýr Herjólfur kemur til Vestmannaeyja, skip sem getur flutt 480 farþega og 62 fólksbíla í ferð.

**1992** Eldur kemur upp í hallarkapellunni í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn.

**1998** Sveitarfélagið Árborg verður til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Suðurlandi og Fjarðabyggð verður til við sameiningu þriggja sveitarfélaga á Austfjörðum.

**1998** Allir hreppar í Vestur-Húnavatnssýslu sameinast í Húnaþing vestra.

**1998** Álftaneshreppur, Borgarhreppur og Þverárhlíðarhreppur sameinast Borgarbyggð.

**1998** Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur sameinast í Dalvíkurbyggð.

**1998** Kjalarneshreppur sameinast Reykjavík.

**1998** Austur-Hérað verður til við sameiningu Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Hjaltastaðarhrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps.



Hér er Dalla við umdeildan stað, Rjúkanda í Ófeigsfirði á Ströndum.

# Gott fyrir börn að takast á við hæfilegar ögranir

**Ferðafélag barnanna fagnar tíu ára afmæli með miklu fjöri í íslenskri náttúru dagana 10.-13. júní. Dalla Ólafsdóttir leiðir starfið ásamt eiginmanni sínum, Matthíasi Sigurðarsyni. Þau skipuleggja fræðslugöngur, fjallagarpaverkefni og lengri göngur.**

Dalla Ólafsdóttir lögfræðingur er úti að hlaupa þegar ég ónáða hana með símhringingu. Hún tekur því létt. „Ég er búin að taka margar pásur í dag á hlaupunum. Þetta er svo fallegur dagur að maður tímir ekkert að vera fljótur að komast á leiðarenda!“

Afmælishátíð Ferðafélags barnanna stendur frá 10. til 13. júní og Dalla er fróð um hana. Hún segir fjörið byrja annan í hvítasunnu í góðum lundi í Heiðmörkinni þar sem farið verði í skemmtilega útileiki. Hinn 11. júlí verði hjólataktarnir reyndir í Elliðaárdalnum og 12. júní verði æfingar í hugrekki því þá sé sjósund í Nauthólsvík í boði fyrir unga fólkið.

Ferðafélag barnanna var stofnað fyrir tíu árum að norskri fyrirmynd. Það er angi af Ferðafélagi Íslands og þetta er annað árið sem hún og Matthías Sigurðsson, maðurinn hennar, eru umsjónarmenn þess. Þau eiga þrjú börn sem vitaskuld eru með í öllum ferðum félagsins.

„Markmiðið hefur alltaf verið að hvetja til aukinnar útiveru fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Það er þannig að þegar við fáum börnin út kemur fullorðna fólkið með þeim og allir græða,“ segir Dalla.

Hún segir starfið einstaklega skemmtilegt og gefandi. „Við erum með fræðslugöngur sem hafa yfirskriftina Með fróðleik í fararnesti, fáum flotta vísindamenn úr háskólanum með okkur. Höfum verið með stjörnuskoðun með Sævari Helga og verðum með pödduskoðun núna 19. júní, skoðum fjöruna og erum með fuglaskoðun,“ lýsir hún.

Þetta er einn anginn, Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar er annar. Hann hófst í fyrra og hefur verið mjög vinsæll að sögn Döllu. „Fullorðna fólkið er skrambi duglegt að fara á fjöll, hlaupa og gera ýmsa hluti í náttúrunni og okkur fannst tilvalið að bjóða upp á útivistarverkefni fyrir fjölskyldur, þá eru allir í sama takti. Við göngum á þrjú fjöll á vorin og þrjú á haustin. Erum einmitt að fara í dag á Skálafell og Hellisheiði,“ (þetta var í gær!) Dalla segir um 100-150 manns mæta í hverja göngu og þegar krakkarnir klári verkefnið fái þau titilinn Fjallagarpur.“

Lengri sumarleyfisferðir eru líka í boði hjá félaginu og Dalla segir fjölskyldur duglegar að skrá sig í þær. „Þá göngum við milli skála, eða út frá skálum. Laugavegsgöngurnar hafa verið mjög vinsælar. Við verðum með tvær göngur yfir Fimmvörðuháls í sumar, við göngum á Víknaslóðum fyrir austan og svo hafa krakkar verið að ganga Kjalveg og um Jökulsárgljúfur. Það sem er svo mikilvægt er að maður sér að krakkar njóta samverunnar með fjölskyldunni, þeir eflast líka, fá sjálfstraust, seiglu og hugrekki. Þeim finnst kannski ekkert spennandi að leggja af stað en þeir eru alltaf glaðir þegar þeir koma heim. Það er svo gaman fyrir börn að takast á við hæfilegar ögranir og hollt fyrir krakka að læra snemma að þeir geta gert hluti sem eru svolítið erfiðir, klárað þá og verið stoltir af sjálfum sér. Það þarf bara að byrja. Að fylgjast með krökkunum fá sjálfstraustið og upplifa gleðina er ótrúlega gefandi.“

Dalla segir krakka frá fimm til sex ára aldri hafa farið í allar þessar göngur sem hún hefur talið upp. „Þeir leika sér að því og finnst það gaman. Börn eru svo orkumikil. Við segjum þeim mikið af sögum, þjóðsögur og útilegumannasögur og fræðum þau um náttúruhamfarir. Þeim finnst svo gaman að setja náttúruna í eitthvert samhengi og við erum að reyna að færa hana nær þeim.“

gun@frettabladid.is

---



Ástkær eiginkona mín,
**Dóra Friðriksdóttir**
frá Vopnafirði,
Hríseyjargötu 21b, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 29. maí 2019. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ásgeir Guðmundsson**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Adam Þór Þorgeirsson**
Háholti 5, Akranesi,
lést þann 5. júní á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin verður frá Akraneskirkju miðvikudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Ólöf Erna Adamsdóttir — Hreinn Haraldsson**
**Friðrik Adamsson — Lise Dandanell**
**Auður Adamsdóttir — Gunnlaugur V. Snævarr**
**Þorgeir Adamsson — Hrönn Hilmarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Þuríðar R. H. Sigfúsdóttur Halldórs**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjallatúns fyrir góða umönnun.

**Jóhannes St. Brandsson**
**Sigfús Jóhannesson — Theresa A. O´Brien**
**Guðrún Jóhannesdóttir — Þ. Daði Halldórsson**
**Stefán H. Jóhannesson — Árný Lútherdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Yndislega konan mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Svava Stefánsdóttir**
lést á Landspítalanum 1. júní sl. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sveinn Einarsson**
**Rúnar Erlingsson — Tina Simonsen**
**Arna Margrét Erlingsdóttir**
**Guðný Soffía Erlingsdóttir — Jón Sigurjónsson**
**Ragnar Þór Erlingsson**
**Íris Erlingsdóttir — Pierre Notelid**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Arndís Kr. Magnúsdóttir**
hjúkrunarheimilinu Ísafold,
áður Strikinu 8, Garðabæ,
lést fimmtudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, föstudaginn 7. júní og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Jóhanna Kr. Hauksdóttir — Örlygur Örn Oddgeirsson**
**Magnús I. Stefánsson**
**Guðlaugur Stefánsson — Kristjana Guðjónsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra og skemmtilega föður, tengdaföður, afa og langafa,
**Ársæls Egilssonar**
skipstjóra, Tálknafirði.

**Kristín G. Ársælsdóttir — Njáll Torfason**
**Hrefna Ársælsdóttir**
**Níels Adolf Ársælsson — Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Tryggvi Ársælsson — Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**
**Hlynur Ársælsson — Hallveig Guðný Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SUMARSPRENGJA
## ALLT AÐ 50% AFSL.

# byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

**Kai PureKomachi2**
25%
3STK HNÍFASETT
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 5.995

**SOEHNLE BAÐVOG**
Style sense
50%
Hvít 200
VERÐ ÁÐUR.....4.995
TILBOÐ ...........2.495

**SOEHNLE ELDHÚSVOG**
35%
VITA Silfur
VERÐ ÁÐUR.....5.495
TILBOÐ ...........3.495

25%
**Wurm**
Krukka með krana og sigti
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.995

**KuchenProfi VEGATELLI SKERI**
30%
VERÐ ÁÐUR..... 2.495
TILBOÐ ........... 1.745

**Tefal PÖNNUKÖKUPÖNNUR**
29%
Einhyrningur
Panda
VERÐ ÁÐUR..... 6.995
TILBOÐ ........... 4.995

**OHB NORDICA**
Kaffivél Café Inox
30%
VERÐ ÁÐUR..... 9.995
TILBOÐ ........... 6.995

**NORPRO**
EPLASKÍFUPANNA
38%
VERÐ ÁÐUR....6.495
TILBOÐ ..........3.995

**BODUM BRAUÐRIST**
Bistro
25%
VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ ...........7.495

**OBH NORDICA**
30%
Sléttubursti Artist PRO
VERÐ ÁÐUR....9.995
TILBOÐ ..........6.995

**°SensoRed®**
SensoRed Panna
35%
Bíða
Steikja
28cm
VERÐ ÁÐUR..12.995
TILBOÐ ..........8.495

**Dirt Devil RYKSUGUR**
25%

DirtDevil POKALAUS
DIR-DD26202
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.245

DirtDevil Rebel 74HF / 75HF
Tveir litir.
DIR-DD72743 / DD72753
VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOÐ ......... 14.995

DirtDevil M7005-1
VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOÐ ......... 12.745

**OHB NORDICA**
Smoothie Twister
25%
VERÐ ÁÐUR.....7.995
TILBOÐ ...........5.995

**OHB NORDICA**
Hraðsuðuketill Dome Retro
50%
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........5.995

**SEVERIN**
23%
ÖRBYLGJUOFN 20L GRILL
VERÐ ÁÐUR... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995

**ROASTER POTTUR**
MIÐSTÆRÐ 509
33%
VERÐ ÁÐUR....5.995
TILBOÐ ..........3.995

25%
**BODUM GRILLÁHÖLD**

**SOUS VIDE TÆKI**
Fyrir nákvæmari eldun
23%
VERÐ ÁÐUR... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995

**ÖLL VÖFFLUJÁRN**
20% - 33%

**KYNNING ALLA HELGINA**



**Með saumaskap býr Randa Mulford til flókin mynsturverk sem hún sýnir í Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2. Opið í dag milli kl. 16.00 og 18.00.**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. JÚNÍ 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Dagur Konfúsíusarstofnunar
**Hvenær?** 9.00-16.10
**Hvar?** Veröld, hús Vigdísar
Deginum verður fagnað með ráðstefnu um kínverska og norræna menningu. Margir áhugaverðir fyrirlestrar eru í boði þar sem víða verður komið við hjá þeim 10 fræðimönnum sem halda erindi.

**Hvað?** Sýningin Óravíddir – Orðaforðinn í nýju ljósi
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Safnahúsinu við Hverfisgötu (sérrrými á 3. hæð)
Um er að ræða innsetningu á myndrænni birtingu íslensks orðaforða í þrívídd sem unnin er upp úr Íslensku orðaneti eftir Jón Hilmar Jónsson. Jón Hilmar segir nokkur orð um hið víðfeðma orðabókarverk sem sýningin byggir á. Dagný Jónsdóttir, formaður stjórnar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, opnar sýninguna formlega.

### Myndlist

**Hvað?** Hinn eini sanni líkami The Hum og Lego Flamb
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Harbinger, Freyjugötu 1
Rólegt og Rómantískt og Harbinger bjóða fólk velkomið á opnun sýningar Bergs Thomasar Andersonar.

**Hvað?** Í morgunsárið - sýningaropnun
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** Midpunkt, Hamraborg 22, Kópavogi
Fyrsta einkasýning Evu Bjarnardóttur, unnin upp úr munum úr gamla sláturhúsinu á Fagurhólmsmýri í Öræfum. Með því að taka efniviðinn út úr sínu samhengi leitast Eva við að finna nýtt upphaf. Sýningin er opin um helgar í júní.

**Hvað?** Teppi á veggnum - Bútasaumssýning
**Hvenær?** 16.00-18.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar, Þverholti 2
Randa Mulford er einstakur textíllistamaður sem sérhæfir sig í bútasaumslist. Í verkunum þenur hún út þetta óvenjulega listform til hins ýtrasta. Sýningin er opin á virkum dögum frá 12 til 18 og á laugardögum frá 12 til 16, til 5. júlí. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 1
Strokkvartettinn Siggi heldur tónleika í tilefni af útgáfu debutgeislaplötu sinnar, South of the Circle sem gefin er út af Sono Luminus. Í strokkvartettinum eru Una Sveinbjarnardóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Sigurður Bjarki Gunnarsson.

### Útivist

**Hvað?** Gönguferð að Glymi í Hvalfirði
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Þetta er fyrsta kvöldgangan af nokkrum sem Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir mun leiða á vit sumarnæturinnar. Farið verður með rútu á staðinn. Almennt verð er 8.000 krónur.



**Eva Bjarnadóttir sýnir gamla muni úr húsunum fyrir neðan hamra á Fagurhólsmýri, ásamt ýmsum tilbrigðum, í Midpunkt, Hamraborg 22.**

# VINNINGASKRÁ

6. flokkur 2019
Útdráttur 5. júní 2019

**HAPPDRÆTTI SÍBS**
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

## AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

44901

## AUKAVINNINGAR kr. 100.000

44900 44902

## PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

4824 12253 19309 28428 38933 53546 53710 55441 68626 72742

## PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 953 | 3904 | 8210 | 16647 | 18062 | 24612 | 28576 | 35194 | 38628 | 46800 | 49942 | 53585 | 66817 | 69092 | 79035 |
| 2136 | 4361 | 10379 | 17335 | 19706 | 24657 | 30034 | 36129 | 40082 | 47118 | 49976 | 57277 | 67399 | 71133 | 79873 |
